

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Bakki, Skeggjastaðir, Álfhóll og Fjall



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2010/109

Forsíðumynd: Varða í landi Fjalls. Horft er til suðausturs.



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
BAKKI (LITLI-BAKKI) – SÖGUÁGRIP	6
FORNLEIFASKRÁNING	8
SKEGGJASTAÐIR-SÖGUÁGRIP	23
FORNLEIFASKRÁNING	25
ÁLFHÓLL – SÖGUÁGRIP	38
FORNLEIFASKRÁNING	40
FJALL – SÖGUÁGRIP	56
FORNLEIFASKRÁNING	58
SAMANTEKT	85
MINJAR Á BAKKA	85
MINJAR Á SKEGGJASTÖÐUM	86
MINJAR Á ÁLFHÓLI	87
MINJAR Á FJALLI	88
ÁHUGAVERÐAR MINJAR TIL RANNSÓKNA	89
NIÐURLAG	90
HEIMILDASKRÁ	91

Inngangur

Haustið 2010 lauk þriðja áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna: Bakka, Skeggjastaða Álfhóls og Fjalls. Auk þeirra voru skráðar jarðirnar Bakki, Álfhóll, Fjall, Kálfsamar, Syðri- og Ytri-Björg, Ós, Saurar, Sviðningur, Ásbúðir og Mánavík.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluberður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við þær jarðir sem koma fyrir í jarðabók Johnsen frá 1847.

Heimilda-, undirbúnings, og vettvangsvinna var unnin af þeim Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi, Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi og Bryndísi Zoëga landfræðingi sem einnig sá um ritun skýrslunnar.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð. Heimildamenn voru þeir bræður Jónatan og Hallgrímur Hjaltason frá Skeggjastöðum en þeir veittu upplýsingar um Bakka og Skeggjastaði. Hallgrímur var jafnframt heimildamaður Álfhól. Sveinn Sveinsson frá Tjörn og Jóhanna Jónasdóttir voru heimildamenn fyrir Fjall.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfí verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákværðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgöftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Bakka númerið 1 (auðkennt Bakki - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Bakka - 1, 12688.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveissttar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær geti orðið fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnittsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Bakki (Litli-Bakki) - söguágrip



Mynd 1. Bæjartóftin á Bakka, horft er til vesturs.

Landnúmer	Notkun	Ræktað land
145839	Eyðijörð, nytjað	27,6 HA

Í Húnaþingi segir: „Bærinn stendur örskammt frá sjó, en út og suður og í landátt er allt um vafið grasi. Þar er gott til ræktunar.“²

Ábúð

Bakka er fyrst getið í jarðaskiptabréfi frá 1388 en þá seldi Benedikt Gissurarson Birni Brynjólfssyni jörðina Sævarland í Laxárdal fyrir Bakka á Skagaströnd.³

Þegar manntal var gert tekið á Íslandið árið 1703 voru fjórir til heimilis á Bakka.⁴ Jörðin fór í eyði um 1706 og í jarðatali frá 1708 eru sagðir tveir eigendur að Bakka og eiga 5 hundruð hvor.⁵ Óvist er hvenær jörðin er aftur byggð en hún virðist í samfelldri ábúð a.m.k. frá 1835. Flestir, eða 12 manns eru skráðir til heimilis árið 1870.⁶

¹ Heimasíða Þjóðskrár: <http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055173&landnr=145839&streetname=Bakki+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>). Skoðuð þann 30. mars 2011.

² Húnaþing II (1978), 97.

³ Íslenskt fornbréfasafn III, 424.

⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands <http://manntal.is/>. Skoðað þann 22.11.2010.

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalín VIII, bls. 461.

⁶ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands <http://manntal.is/>. Skoðað þann 22.11.2010.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Bakki	1686 ⁷	Bændaeign	10 hndr	20 álnir	2
Bakki	1696 ⁸	Bændaeign	10 hndr	20 álnir	2
Bakki	1708 ⁹	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	2 (áður 3)
Bakki	1847 ¹⁰	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	2
(mat hreppstjóra)	1847 ¹¹	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	1 ½
Bakki	1861 ¹²	-	10,8 hndr	-	-

Í jarðabók frá 1708 er torfrista og stunga sögð bjargleg og móskurður viðunandi en lyng og hrísrif þverrandi. Lítill trjáreki var fyrir landinu og hvalreki gekk til Höskuldsstaðakirkju og annarra kirkna sem áttu ítak í Spákonuarfi. Aftur á móti átti Bakki rekaítak fyrir Harrastaðalandi. „Túninu grandar sandfok til stórskaða. Engjar öngvar, nema hvað hent verður úr hagmýrum. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og hefur oft orðið meint að. Vatnsból er erfitt um vetur, bregst þó sjaldan.“¹³

Hjáleiga

Bakkagerði var hjáleiga frá Bakka um miðja 19. öld.¹⁴ Hjáleigan virðist hafa verið stutt í ábúð því hún er aðeins skráð í manntali frá 1870 og voru þá fimm þar til heimilis; húsmaður sem lifði á fiskveiðum, kona hans og þrjár dætur þeirra sem allar eru skráðar „á sveit“.¹⁵ Óvist er hvenær hún fór í eyði.

Sel

Bakkasels er hvergi getið í heimildum en seltóftir eru í landi Bakka austur undan Geitaskarði (sjá fornleifar nr. 33-38).

⁷ Björn Lárusson (1967), 246.

⁸ Björn Lárusson (1967), 246.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 428.

¹⁰ Jarðatal á Íslandi, 246.

¹¹ Jarðatal á Íslandi, 246.


¹² Ný jarðabók, 91.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 461-462.

¹⁴ Páll Kolka (1950), 35.

¹⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands <http://manntal.is/>. Skoðað 24.11.2010.

Fornleifaskráning



Mynd 2. Á myndinni er túnakort frá 1920, eftir Ágúst B. Jónsson, lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Kortin eru á Pjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu er gamli bærinn nr. 1, fjósið nr. 42, brunnhús nr. 39, fjárhús nr. 4 og nr. 9. Við fjárhúsin eru á túnakortinu merktir kartöflugarðar en garðarnir eru í báðum tilfellum nokkuð frá tóftunum, sjá nr. 4 og nr. 8 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Bakka).

Bakki-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hætta: Tóftunum stafar mikil hætta af landbroti en þær eru rétt rúma 10m frá sjávarbakkanum.

Staðhættir

Gamli bærinn stóð, sunnan við bæjarlækinn, um 110m NV við íbúðarhúsið á Bakka og eru tóftir hans enn vel greinilegar.

Lýsing

Bæjartóftin er 20x20m að utanmáli og skiptist í 5 hólf. Útlínur tóftar eru nokkuð greinilegar þó að veggir séu að miklu leyti hrundir. Veggir eru grónir en það sér í torf og grjót í veggjum sem eru allt að 160sm á hæð og mest um 3m á breidd. Í tóftinni er steinsteyptur strompur, bárujárn og timbur. (Sjá nánar á teikningu aftar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 má sjá bæinn og sambyggt fjós sunnan bæjarlækjarlækjar, sunnarlega í túni.



Mynd 3. Á myndinni sést í meintan þvottapott í torfveggnum.

Bakki-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hætta: Minjunum stafar hætta af landbroti

Staðhættir

Um 12m SA við bæjartóftina (nr. 1) er þúst um 2,5m á kant.

Bakki-2

Hlutverk: Þvottahús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 10m austur af bæjartóftinni (nr. 1) er minni tóft á suðurbakka skurðar sem liggar í bæjarlækinn.

Lýsing

Tóftin er 6x7m að utanmáli og virðist vera dyr á SA horni hennar. Útveggir eru greinilegir en innveggir ógreinilegri. Tóftin er grasi gróin og veggir víst um 20-40sm en norðurveggur er hærri um 160sm og í honum sér glögglega í torfhleðslur. Töldu heimildamenn þeir Jónatan (Munnleg heimild 16.12.10) og Hallgrímur (munnleg heimild 17.12.10) Hjaltasynir að þarna hafi hugsanlega verið þvottahús. Fyrrum sást í hlóðir úr múnsteini og í þeim var stáltunna sem skorin hafði verið til helminga. (Sjá nánar á teikningu aftar í skýrslu).

Lýsing

Pústin er ferhyrnd, 20sm há og grasi gróin. Aldur og hlutverk er óvist.



Bakki-4

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Leifar fjárhústóftar eru 60m SA af bæjartóftinni (nr. 1) og tæplega 40m vestur af íbúðarhúsinu á Bakka. Í örnefnaskrá segir: „Suður af bænum heitir Húsastykki. Á því eru fjárhús.“ (ÖB, 1).

Lýsing

Búið er að rífa húsin en veggjaskipan sést greinilega og það sér ofan á grjót-hleðslur í veggjum en tóftin að öðru leyti gróin. Veggir eru mest um 40sm háir og 1-2,5m á breidd. Hún er 18x19m að utanmáli, 5 krær með görðum og hlaða eða heytóft til NA. Dyr hafa snúið móti SV en til NV á hlöðu/heytóft.

Bakki-5

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hætta: Minjunum stafar mikil hætta af landbroti

Staðhættir

Á sjávarbakkanum rúmlega 40m SSA af bæjartóftinni (nr. 1) eru garðlög sem Jónatan Hjaltason (munnleg heimild 16.12.10) taldi hafa verið matjurtagarð.

Lýsing

Garðagið er að hluta farið í sjó en það liggar fram á sjávarbakka, það sem eftir stendur eru veggir sem snúa móti norðvestri, norðaustri og suðaustri, utanmál er 5x16m. Veggir eru 20-50sm háir, mest um 1,5m breiðir, grónir og hvergi sér í grjót. Annað veggjabrot er 3m norðan við og er það einnig, 7m langt, 2m á breidd og um 20-40sm á hæð. (Sjá teikningu að framan).

Bakki-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hætta: Minjunum stafar hætta af landbroti

Staðhættir

Á sjávarbakkanum um 45m SA af bæjartóftinni (nr. 1) er ferhyrndur niðurgröftur, tæpa 5m NA af garðlagi nr. 5.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 2x2,5m að utanmáli og mest um 30sm djúpur, algróinn grasi. Hlutverk og aldur er óviss.

Bakki-7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hætta: Minjunum stafar mikil hætta af landbroti

Staðhættir

Á norðurbakka bæjarlækjarins um 25m NV af bæjartóftinni (nr. 1) er aflöng upphækkun sem gæti verið veggjabrot eða garðlag.

Lýsing

Garðlagið, sem hugsanlega er náttúruleg myndun, er 10m langt og liggur eftir norðurbakka bæjarlækjarins. Það er grasi gróið, mest um 60sm hátt og 2m á breidd. Norðan við er dæld 4x9m að ummáli sem að líkindum er tengt garðlaginu og gæti t.d. verið efnistaka. (Sjá teikningu hér að framan).

Bakki-8

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í bæjarlækjargilinu norðanverðu, rúma 30m NNA af bæjartóftinni (nr. 1) er garðlag (matjurtagarður). Líklega sá sami og sýndur er á túnakorti frá 1920.

Lýsing

Veggir eru til vesturs, norðurs og austurs og hefur matjurtagarðurinn snúið móti suðri. Utanmál er 10x11m en austur veggur er að hluta horfinn. Veggir hafa á einhverjum tíma rofnað en eru nú grasi grónir og um 50sm háir og rúmlega 1m breiðir. Rabarbari er í garðinum. (Sjá teikningu hér að framan).

Bakki-9

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er fjárhús norðan við bæjarlækninn og matjurtagarður við það.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og þau komin undir slétt tún en smá hávaði er í túninu og samkvæmt Hallgrími Hjaltasyni (munnleg heimild 17.12.10) sést móta fyrir veggjum snemma á vorin þegar að frost er að fara úr jörðu.



Mynd 4. Horft er framan á húsið Sæmund.

torf er á þaki. Einnig er torf utan með steyptu veggjunum. Bátsflak úr tré liggur austan við húsið. Samkvæmt heimildamönnum þeim Jónatani (16.12.10) og Hallgrími (17.12.10) var húsið kallað Sæmundur og í því voru geymd veiðafærði og annar búnaður.

Bakki-10

Sérheiti: Sæmundur

Hlutverk: Naust

Tegund: Hús, tóft

Hætta: Minjunum stafar mikil hætta af landbroti
Staðhættir
Fram á sjávarbakkanum rúmlega 130m NNV af bæjartóftinni (nr. 1) eru sæmilega uppistandandi leifar nausts.

Lýsing
Veggir hússins eru steyptir, nema vesturveggur sem hlaðinn er úr grjóti, en efsti hluti austurgafls er hlaðinn úr torfi og

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan bæinn er Bæjarlækur, sem rennur um Lækjargil. Nokkru norðar er annað gil. Við það er Bakkalending og uppsátur.“ (ÖB, 1).


Lýsing
Norðan við Sæmund (nr. 11), rúmlega 140m NNV af gamla bænum, er smá gil og samkvæmt Jónatani Hjaltasyni (munnleg heimild 16.12.10) voru bátar teknir þar á land. Þeir braður Jónatan (munnleg heimild 16.12.10) og Hallgrímur (17.10.12) töldu líklegt að þarna hefði Bakkalending verið og passar það vel við lýsingu úr örnefnaskrá.

Bakki-11
Sérheiti: Bakkalending
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Heimild
Staðhættir

Um 180m NNV af gamla bænum var tóft samkvæmt heimildamanni, Jónatani Hjaltasyni (munnleg heimild 16.12.10), en ekki vissi hann hvert hlutverk minjanna hefði verið.

Lýsing
Ekkert fannst við skráningu 2010 og mögulegt að minjar séu að mestu farnar í sjó. Mögulegt er að þarna hafi verið hjallur sá er Hjallastykki dregur nafn sitt af.

Aðrar upplýsingar
„Fyrir norðan bæinn er Bæjarlækur, sem rennur um Lækjargil. Nokkru norðar er annað gil. Við það er Bakkalending og uppsátur. Þar norður af Hjallstykki.“ (ÖB, 1).



Bakki-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hætta:

Minjunum stafar mikil hætta af landbroti

Staðhættir

Fram á sjávarbakkanum um 650m NNV af íbúðarhúsinu á Bakka og rúma 40m suður af merkjum við Skeggjastaði er tóft.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt, 5x7m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, þýfðir, grasi

grónir og hvergi sér í grjót. Hæð veggja er frá 10-40sm, lægstir til norðurs. Tóftin liggur frá á sjávarbakka og þegar hefur brotið af henni.

Bakki-14

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hóll

Staðhættir

Tæplega 560m NNV af íbúðarhúsinu á Bakka er ávalur hóll í túni.

Lýsing

Hóllinn er 14m að þvermáli um 40-50sm hárr. Engin veggjalög sjást á hólnum en útlit hans bendir til að þar gæti hafa staðið mannvirki. Ekki vissi Hallgrímur Hjaltason (munnleg heimild 17.12.10) til þess að þar hafi staðið nein mannvirki.



Bakki-15

Sérheiti:

Bakkagerði

Hlutverk:

Túngegarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rúma 300m NA við íbúðarhúsið á Bakka, NV af fjárhúsunum eru leifar túngarðs og tófta af hjáleigunni Bakkagerði.

Lýsing

Túngegarðurinn er alls 112m á lengd og er í fjórum hlutum. Hann er

vel greinilegur að norðan og austan en horfinn að sunnan og vestan. Garðlagið er grasi gróið og hvergi sér í grjót, það er 40-70sm á hæð og mesta breidd er um 2m.

Aðrar upplýsingar

„Fyrir norðan bæinn er Bæjarlækur, sem rennur um Lækjargil. Nokkru norðar er annað gil. Við það er Bakkalending og uppsátur. Þar norður af Hjallstykki. Norður af því Langasléttu. Austur og suður af henni er Bakkagerði og Bakkagerðistún.“ (ÖB, 1). Á túnakorti frá 1920 eru engin hús merkt á Gerðistúninu.

Bakki-16

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Hætta: Minjunum stafar hætta af raski vegna búfínaðar.

Staðhættir

Rúma 300m NA við íbúðarhúsið á Bakka, NV af fjárhúsunum eru leifar túngarðs (frá Bakkagerði) og innan hans tóft.

Lýsing

Innan túngarðsins eru tværnir tóftir sú nyrðri, er stærri eða um 13x13m að utanmáli sem samkvæmt Jónatani Hjaltasyni (munnleg heimild 16.12.10) var hesthús sem notað var fram eftir 20. öld. Hún er þrískipt og eru tværnir dyr sem snúið hafa móti NV. Veggir, um 50sm háir, 1-2,5m breiðir, grasi grónir en víðast rofnir og sér í torf og grjót í veggjum. Tóftin er líklega byggð á einhverju eldra en hún stendur á um 50-100sm upphækkun sem mögulega er gamli bæjarhóllinn frá Bakkagerði. Það verður þó ekki staðfest nema með frekari rannsókn.

Bakki-17

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hætta: Minjunum stafar hætta af raski vegna búfínaðar.

Staðhættir

Rúma 300m NA við íbúðarhúsið á Bakka, NV af fjárhúsunum eru leifar túngarðs, hesthústóft og matjurtagarður.

Lýsing

Innan túngarðs er matjurtagarður sem liggur í brekku móti vestri. Hann er 5x7m að utanmáli, veggir grasi grónir, 20-70sm og 1-1,5m breiðir. Rabarbari er í garðinum.

Bakki-18

Sérheiti: Grafarstykki

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Suður af bænum heitir Húsastykki. Á því eru fjárhús. Þar suður af Grafarstykki.“ (ÖB, 1).

Lýsing

Samkvæmt Jónatani Hjaltasyni (munnleg heimild 16.12.10) voru mógrafir SA af íbúðarhúsinu sem nú eru komnar undir tún.


Bakki-19

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Hallgrími Hjaltasyni (munnleg heimild 17.12.10) voru mógrafir sunnan við fjárhúsið á Bakka en nú horfnar undir tún.



Bakki-20

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 170m SSA af íbúbúðarhúsínu á Bakka, sunnan túna og sunnan lækjar eru mógrafir og mótoftir vestan þeirra.

Lýsing

Mógrafrímar, sem liggja í uppþurrkaðri myri, eru í tvennu lagi og ná yfir svæði sem er rúmlega 40x40m á kant. Þær eru mest um 140sm djúpar og grasi grónar.

Bakki-21

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 170m SSA af íbúbúðarhúsínu á Bakka, sunnan túna og sunnan lækjar eru mógrafir og mótoftir vestan þeirra.

mótóftir vestan þeirra.

Lýsing

Tæplega 7m SV við mógrafrímar (nr. 20) er mótoft, grasi gróin um 4x4m á kant og um 30sm á hæð.

Bakki-22

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Púst

Staðhættir

Um 170m SSA af íbúbúðarhúsínu á Bakka, sunnan túna og sunnan lækjar eru mógrafir og mótoftir vestan þeirra.

Lýsing

Um 20m vestan við mógrafrímar er þúst, hugsanlega leifar mótoftar. Þústin liggur á sunnanverðum lækjarkakka, er grasi gróin, mjög þýfð, 40sm á hæð og 3x4,5m að utanmáli.



Bakki-23

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sjávarbakkanum suður af bæ eru þrennar tóftir, hugsanlega heytóftir. Nyrsta tóftin er um 260 m suður af íbúðarhúsínu á Bakka.

Lýsing

Tóftin er aflöng og liggur frá norðri til suðurs og er um 4x8m að utanmáli. Veggjalög eru lág, um 20sm og illa farnar. Útlit tóftar ber það með sér að þarna hafi verið sett saman hey.

Bakki-24

Hlutverk: Heytóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sjávarbakkanum suður af bæ eru þrennar tóftir, hugsanlega heytóftir. Ein þeirra rúmlega 300m SSA af íbúðarhúsínu á Bakka.

Lýsing

Tóftin, 5x8m að utanmáli, stendur á lágum hól, veggir hennar sem eru um 30sm háir eru grasi grónir og þýfðir. Útlit tóftar ber það með sér að þarna hafi verið sett saman hey.



Bakki-25

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sjávarbakkanum suður af bæ eru þrennar tóftir, hugsanlega heytóftir. Syðsta tóftin er rúmlega 530m SSA af íbúðarhúsínu á Bakka, og tæpa 60m norður af merkjum milli Bakka og Neðri-Harrastaða.

Lýsing

Tóftin er aflöng, tæplega 5x9m að utanmáli. Hún er grasi gróin og umhverfis er þýft graslendi. Hæð veggja er frá 30-60sm og veggjabreidd um 1m. Útlit tóftar ber það með sér að þarna hafi verið sett saman hey.

Bakki-26

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpa 500m SA af íbúðarhúsinu á Bakka og rúma 100m norður af merkjum milli Bakka og Neðri-Harrastaða er tóft.

Lýsing

Tóftin er í framræstri mýri og stendur á lágum hól. Hún er þýfð, veggir grónir og um 50sm háir.

Bakki-27

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Þúst

Staðhættir

Í þýfðri mýri um 720m ASA af íbúðarhúsinu á Bakka er þúst.

Lýsing

Þústin er 8x10m að utanmáli, mjög þýfð og óregluleg, gróin grasi og mosa. Hæð er um 20-50sm.



Bakki-28

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í þýfðri mýri um 860m ASA af íbúðarhúsinu á Bakka eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru óreglulegar að lögun um 28x36m að utanmáli.

Bakki-29

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rúmlega 1km austur af íbúðarhúsinu á Bakka, um 100m suður af heimreiðinni og um 180m vestur af þjóðvegi um Skaga er matjurtagarður.

Lýsing

Garðlagið er 10x17m að utanmáli, vegghæð 10-30sm, gróið grasi og mosa. Það er í upplásnu mólendi og girðing liggur ofan á því. Skrásetjari taldi garðlagið ekki vera mjög gamalt.



Mynd 5. Horft er til vesturs heim að bæ á Bakka.

Bakki-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 520m NA af íbúðarhúsínu á Bakka og tæpa 240m NA af fjárhúsunum eru leifar tóftar.

Lýsing

Veggjarbrot, 20sm hátt, gróið grasi og mosa. Það liggur í vinkil, 7m langt og stendur á upphækjun í framræstri mýri. Mögulega leifar heystæðis.

Bakki-31

Sérheiti: Hofsgötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

„Þar sem bærinn stendur heitir Nöf. Sunnan við hana Bæjarvík. Frá Prestssæti suður að Hofsvallaá eru Hofsgötur, en við Hofsvallaá byrja Háugötur.“ (ÖB, 1).

Lýsing

Hofsgötur liggja eftir melum sem eru austur af bænum á bakka, skammt vestan þjóðvegar og ná yfir land Bakka og suður í land Neðri-Harrastaða. Partar úr götunum sjást einnig í landi Skeggjastaða. Í Bakkalandi eru þær alls um 1400m að lengd.

Bakki-30

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hleðsla


Staðhættir

Á gróðurvana mel, tæplega 1200m ANA af íbúðarhúsínu á Bakka er grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan, sem er þéthlaðin steinlögn er 2x3m að utanmáli og 10sm á hæð. Mögulegt er að um sé að ræða náttúrulegt fyrirbrigði.





Á þýfðum hól NA af tóft nr. 33 eru fleiri tóftir og þar á meðal algróið, þýft, garðlag sem minnir á heystæði eða móttóft. Hæð veggja er 20-30sm, breidd 50-100sm og utanmál er 4x4,5m.

Bakki-35

Sérheiti: Bakkasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi brekku austur undir Geitaskarði eru tóftir Bakkasels.

Lýsing

Austur af minjum nr. 34 er seltóft, þrí- eða fjórskipt. Veggir eru algrónir, þýfðir, lægstir um 40sm en hæstir 110sm. Aðeins einar dyr eru greinanlegar á tóftinni, þær eru á SV horni tóftar þar sem veggir eru óljósir, og snúa mótt NV. Utanmál er 7x10m og breidd veggja 1-2m. (Sjá mynd hér að framan).

Bakki-36

Sérheiti: Bakkasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi brekku austur undir Geitaskarði eru tóftir Bakkasels.

Lýsing

Norðan við seltóftina (nr. 35) er lítil tóft 3x5m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni en veggir hennar eru algrónir, þýfðir og 50-70sm háir. (Sjá mynd hér að framan).

Bakki-33

Sérheiti: Bakkasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi brekku austur undir Geitaskarði eru tóftir Bakkasels.

Lýsing

Efst í brekkunni, til SA, er tóft sem liggur NA/SV með dyr til NA. Tóftin, eins og aðrar tóftir á selinu, er gamalleg að sjá, gróin grasi, mosa og lyngi. Veggir eru þýfðir, 60-70sm háir, 1-2m breiðir og utanmál tóftar er 5x7m.

Bakki-34

Sérheiti: Bakkasel

Hlutverk: Óþekkt, heystæði, móttóft?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í aflíðandi brekku austur undir Geitaskarði eru tóftir Bakkasels.

Lýsing

Bakki-37

Sérheiti: Bakkasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í aflíðandi brekku austur undir Geitaskarði eru tóftir Bakkasels.

Lýsing

Norðvestan við seltóftina (nr. 35) er 8x10m þýft svæði sem er lágt til miðjunnar en útbrúnir þess hærri. Mögulega er þarna eithvert mannvirki sem er vel fallið að umhverfi sínu og er hæð þess um 50-70sm. (Sjá mynd hér að framan).

Bakki-38

Sérheiti: Bakkasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi brekku austur undir Geitaskarði eru tóftir Bakkasels.

Lýsing

Á hól rúmlega 30m SA af seltóftinni (nr. 35) er ferhyrnd tóft 6x9m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar en veggir sem eru algrónir og þýfðir eru 30-40sm háir. Tóftin virðist yngri en aðrar tóftir á selinu.

Bakki-39

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er brunnhús beint austur af bænum og fjósinu.

Lýsing

Ekki kannaðist Hallgrímur Hjaltason (munnleg heimild 17.12.10) við annað vatnsból en bæjarlækinn en stutt er í hann frá bænum. Punktur var tekinn af túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Bakki-40

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Sunnan heimreiðar, rúma 600m austur af íbúðarhúsinu voru hesthús samkvæmt heimildamanni, Jónatani Hjaltasyni (munnleg heimild 16.12.10).

Lýsing

Hesthúsin eru horfin og fiskhjallur þar sem húsin stóðu áður.

Bakki-41

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hætta: Tóftunum stafar mikil hætta af landbroti en þær eru rétt rúma 10m frá sjávarbakkanum.

Staðhættir

Gamli bærinn stóð, sunnan við bæjarlækinn, um 110m NV við íbúðarhúsið á Bakka og var fjósið áfast bænum.

Lýsing

Bæjartóftin er 20x20m að utanmáli og skiptist í 5 hólf. Útlínur tóftar eru nokkuð greinilegar þó að veggir séu að miklu leyti hrundir. Veggir eru grónir en það sér í torf og grjót í veggjum sem eru allt að 160sm á hæð og mest um 3m á breidd. Í tóftinni er steinsteyptur strompur, bárujárn og timbur. Steinsteypur strompur, bárujárn og timbur er í tóftinni. Skrásetjara þótti líklegast að fjósið hefði verið í NA-horni tóftar. (Sjá teikningu bls. 10).

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 má sjá bæinn og sambyggt fjós sunnan bæjarlækjarlækjar, sunnarlega í túni.

Horfnar og óskráðar minjar

Bakki-42

Sérheiti: Móstykki

Hlutverk: Mógröf?

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Norður og austur af bænum er Móstykki.“ (ÖB, 1).

Lýsing

Nafnið bendir til að þar hafi verið tekin mór en stykkið er nú komið undir tún og engar mógrafir fundust við skráningu 2010.

Bakki-43

Sérheiti: Bæjarvarða

Hlutverk: Varða

Staðhættir

„Á melunum austur af bænum var Bæjarvarða.“ (ÖB,1).

Lýsing

Engin varða fannst við skráningu 2010.

Bakki-44

Sérheiti: Digravarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Að vestan ræður sjór úr Lambanöf í Prestssæti, þaðan í Grænuþúfu, sem nú er í nýjum þjóðvegi. Þaðan í Digruvörðu norðast á Teig, þaðan í Kolþúfu á sjávarbakka.“ (ÖB,1).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni, Óla Albertssyni frá Keldulandi, var Digravarða stór torfvarða sem fór undir vegagerð í kringum 1953 (munnleg heimild 07.04.10).

Bakki-45

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Frá Prestssæti á Hofsgötum er bein lína í grjótvörðu sem segir að hlaða eigi við Pottalækjargil og er hornmerki Keldulands og Bakka (Úr Landamerkjabók A-Hún (1890), skjal nr. 156).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu 2010.

Bakki-46

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Landamerkjaskrá átti að hlaða vörðu á Teigsenda sem er hornmark jarðanna Harrastaða og Bakka (Úr Landamerkjabók A-Hún (1890), skjal nr. 156).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu 2010.

Bakki-47

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Landamerkjaskrá átti að hlaða vörðu við Kolþúfu niður við sjó (Úr Landamerkjabók A-Hún (1890), skjal nr. 156).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu 2010.

Bakki-48

Sérheiti: Lambanöf

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Milli jarðanna Skeggjastaða og Bakka ræður merkjum bein lína úr grjótvörðu er hlaða skal í svo kallaðri Lambanöf [...].“ (Úr Landamerkjabók A-Hún (1890), skjal nr. 156).

Lýsing

Engin varða er á Lambanöf en skurður er á merkjum Skeggjastaða og Bakka.

Bakki-49

Sérheiti: Bakkagerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Rúma 300m NA við íbúðarhúsið á Bakka, NV af fjárhúsunum eru leifar túngarðs frá hjáleigunni Bakkagerði og innan hans hesthústóft og matjurtagarður frá Bakka.

Lýsing

Óvist er hvar bærinn stóð en mögulegt að hann hafi verið þar sem hesthústóftin (nr. 16) er, en hún stendur á 50-100sm háum hól. Slíkt verður þó ekki staðfest nema með frekari rannsókn.

Aðrar upplýsingar

„Fyrir norðan bæinn er Bæjarlækur, sem rennur um Lækjargil. Nokkru norðar er annað gil. Við það er Bakkalending og uppsátur. Þar norður af Hjallstykki. Norður af því Langasléttu. Austur og suður af henni er Bakkagerði og Bakkagerðistún.“ (ÖB, 1). Á túnakorti frá 1920 eru engin hús merkt á Gerðistúninu.

Skeggjastaðir-söguágrip



Mynd 6. Horft til suðvesturs heim að Skeggjastöðum, heimagrafreitur er lengst til vinstri, síðan fjárhúsin og svo íbúðarhús og útihús við það.

¹⁶ Landnúmer	Notkun	Ræktað land
145871	Jörð, í byggð	47,4 HA

Í Húnaþingi II segir: „Bærinn stendur sunnan við Hofsá nokkru nær sjó en Hof. Þar er grösugt heimaland, en flæðihætta við sjó.“¹⁷

Ábúð

Þegar manntal var fyrst tekið á Íslandi 1703 voru fimm til heimilis á Skeggjastöðum. Árið 1835 var jörðin orðin tvíbýl og hélst svo fram yfir aldamótin 1900 nema í kringum 1890 en þá er aðeins einn bóndi skráður til heimilis samkvæmt manntali. Jörðin er aftur tvíbýl árið 1901. Flestir eru skráðir til heimilis árið 1855 en þá bjuggu á Skeggjastöðum 15 manns. Engir eru skráðir til heimilis 1860 og má vera að jörðin hafi legið í eyði.¹⁸

¹⁶ Heimasíða Þjóðskrár: <http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055203&landnr=145871&streetname=-Skeggjasta%C3%B0ir+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>. Skoðuð þann 30. mars 2011.

¹⁷ Húnaþing II (1978), bls. 96.

¹⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/#>. Skoðað þann 26. apríl 2010.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Skeggjastaðir	1686 ¹⁹	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	4
Skeggjastaðir	1696 ²⁰	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	4
Skeggjastaðir	1708 ²¹	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	3,5 (áður 4)
Skeggjastaðir	1847 ²²	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	3
(mat hreppstjóra)	1847 ²³	Bændaeign	-	-	2
Skeggjastaðir	1861 ²⁴	-	9,5 hndr	-	-

Árið 1708 var eigandi jarðarinnar Lárus Gottrup lögmaður á Þingeyrum en ábúandi Tumi Úlfsson. Þá var landskuld greidd í fiski eða peningum upp á fiskatal en leigur í smjöri eða peningum upp á landsvísu. Kvöð var mannslán í skipaferðir frá Spákonufellshöfða á Þingeyrasand. Torfrista- og stunga var sögð lök og móskurður bjarglegur en lyngrif varla teljandi. Reki var jafnframt lítill en ef einhver var fékk eigandi hluta og leigjandi hluta „sem lög leyfa.“ Heimræði var sagt um hásumar og lending fyrir heimalandi en uppsátur örðugt og jafnan þurfti að sæta sjávarföllum til að koma skipi á land. „Túninu grandar Hofsá með grjóts og sands áburði, verður oft að þessu skaði. Engjar litlar og valla teljandi, nema hvað hent er úr óberjumýrum undan penínga fótum.“²⁵

Hjáleiga

Í örnefnaskrám er getið um búdir eða býli í Skeggjastaðalandi sem nefnt var Helgrind eða Helgrund²⁶. Óvist er hvenær það var í ábúð en þess er ekki getið í manntölu.

Sel

Í jarðabók frá 1708 segir: „Selstöðu á jörðin fyrir austan Geldingaskarð á bak við fjöll, hefur áður brúkast en ekki í næstu tuttugu ár.“²⁷

¹⁹ Björn Lárusson (1967), 246.

²⁰ Björn Lárusson (1967), 246.

²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 428.

²² Jarðatal á Íslandi, 243.

²³ Jarðatal á Íslandi, 243.

²⁴ Ný jarðabók, bls. 90.


²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII (1926), 462.

²⁶ Skeggjastaðir. Heimildamenn Ingunn Þorvaldsdóttir og Hallgrímur sonur hennar, 1.; Skeggjastaðir.

Guðmundur Jósafatsson skráði eftir Hjalta Árnasyni, 1.

²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII (1926), 463.

Fornleifaskráning



Mynd .7 Á myndinni er túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Túnakortið var hverti merkt höfundi né með ártali en flest kortin voru gerð um eða rétt eftir 1920 og eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu er gamli bærinn nr. 1, fjósið nr. 2, heimreiðin nr. 5, matjurtagarður nr. 7 og nr. 6 er fjárhús. Minjar sem skráðar eru nr. 3 er geymsla en nr. 4 er matjurtagarður. Minjarnar eru hvorutveggja horfnar en skráðar eftir ábendingu heimildamanns á vettvangi (sjá minjar sem skráðar eru nr. 3 og 4 innan sviga á korti). Um 10m skekkja er á milli staðsetningar samkvæmt heimildamanni og staðsetningar af hnútsettu túnakorti sem lagt er yfir loftmynd. (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Skeggjastaða).

Skeggjastaðir-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti Skeggjastaða frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn og við hann fjós u.p.b. fyrir miðju túni.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni Hallgrími Hjaltasyni (f. 1953) bónda á Skeggjastöðum stóð gamli bærinn nálega þar sem íbúðarhúsið er í dag en heldur lengra til vesturs (fram á hlaðið). Búið er að rífa bænn (munnleg heimild 17.12.2010).

Aðrar upplýsingar

Í úttekt Skeggjastaða frá 1867 eru eftirfarandi hús metin: baðstofa, búr, eldhús, skáli, göng og bæjardyr. Fjós yfir 3 kýr var áfast bænum (Úttektarbók Vindhælishrepps (1867), Skeggjastaðir, skjal nr. 29).

Skeggjastaðir-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti Skeggjastaða frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn og við hann fjós u.p.b. fyrir miðju túni.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni stóð gamli bærinn nokkurn veginn þar sem íbúðarhúsið er í dag en heldur lengra til vesturs (fram á hlaðið) og við hann var fjós (munnleg heimild 29. júlí 2009). Búið er að rífa bænn og fjósið.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt Skeggjastaða frá 1867 eru eftirfarandi hús metin: baðstofa, búr, eldhús, skáli, göng og bæjardyr. Fjós yfir 3 kýr var áfast bænum. (Úttektarbók Vindhælishrepps (1867), Skeggjastaðir, skjal nr. 29).

Skeggjastaðir-3

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er kálgarður og geymsla beint vestur af bænum.

Lýsing

Geymslan er horfin en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu Hallgríms Hjaltasonar. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Skeggjastaðir-4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er kálgarður og geymsla beint vestur af bænum.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er horfinn en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu Hallgríms Hjaltasonar. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Skeggjastaðir-5

Hlutverk: Tröð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar liggur heimreiðin til suðausturs frá bænum.

Lýsing

Heimreiðin lá á svipuðum stað og hún gerir í dag og er því horfin undir veg.

Skeggjastaðir-6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjárhús syðst í túni.

Lýsing

Fjárhúsin eru horfin en stóðu á sama stað og fjárhúsin standa í dag, tæplega 100m beint suður af íbúðarhúsinu á Skeggjastöðum.

Skeggjastaðir-7

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýndur kálgarður í suðausturhorni túnsins, tæpa 80m SA af gamla bænum.

Lýsing

Kálgarðurinn er nú horfinn undir slétt tún en punktur var tekinn af hnítsettu túnakorti og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju.



Mynd 8. Öskuhóllinn er framan við Íbúðarhúsið.

Skeggjastaðir-8

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Hóll

Hætta: Minjunum getur stafað hætta vegna frekara rasks.

Staðhættir

Tæpa 10m vestur af Íbúðarhúsinu á Skeggjastöðum eru leifar öskuhóls, hann er 10x14m að utanmáli og um 2ja m hárr að vestan (neðan).

Skeggjastaðir-9

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 100m ANA af Íbúðarhúsinu á vesturbakka Hofsár er dæld í sléttu túni og samkvæmt heimildamanni var þar hesthús úr torfi og grjóti.

Lýsing

Dældin liggur ANA/VSV og er tæplega 9x11m að utanmáli og mest um 20sm djúp.



Mynd 9. Horft er eftir túngardinum til norðurs.

Skeggjastaðir-10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hætta: Girðing liggur eftir garðinum sem gæti þegar hafa valdið raski.

Staðhættir

Leifar túngarðs sjást undir túngirðingu um 110m austur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Garðlagið liggur frá norðri, á vesturbakka Hofsár, til hásuðurs. Það er í tveimur hlutum og er alls um 85m langt, breidd er mest um 1,3m og hæð 40-60sm. Það er grasi gróið en þó sést í fremur stórt grjót á nokkrum stöðum.

Skeggjastaðir-11

Hlutverk: Hesthús/Reykkofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Í vestur frá Skegghól er Hesthústún.“ (ÖS1, 1). Hesthústún er vestan við gamla túnið á Skeggjastöðum og í austurjaðri þess er hesthústóft rúma 100m vestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Tóftin er um 7x7m að utanmáli og samkvæmt heimildamanni var þar hesthús sem síðar var notað sem reykkofi. Veggjahæð er minnst um 30sm en hæst um 50sm. Húsið hefur fallið saman og í téftinni liggur bárujárn, torf og timbur úr húsgrindinni, engar dyr sjást á téftinni. Samkvæmt heimildamanni var þarna hesthús sem síðar var notað sem reykkofi.

Skeggjastaðir-12

Hlutverk:

Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir



Í túnjaðri tæplega 230m SSV af fjárhúsunum á Skeggjastöðum er garðlag.

Lýsing

Garðlagið, er alls um 75m langt, það liggur beggja vegna girðingar sem er á milli túns og beitarhólfs.

Vestan girðingar liggur garðlagið

A/V, það er þýft og grasi gróið um 1,5m á breidd og um 30-40sm á hæð. Austan við girðinguna er það öllu greinilegra og veggir hærri eða mest um 60sm háir og einnig grasi grónir. Frá girðingunni liggur garðurinn um 17m til austurs þar sem það þverbeygir til suðurs þar sem það liggur á rúmlega 20m kafla áður en það beygir til vesturs. Af þeim hluta garðlagsins sem er austan girðingar er norðurveggur hæstur og greinilegastur um 60sm háir en rofinn á tveimur stöðum. Austur veggur er nokkru lægri, mest um 40sm háir en útbrún aðeins um 10-20sm, suðurveggur er aðeins óljós lágor hryggur.



henni sem snúa móti vestri í átt til sjávar. Hún skiptist í fimm hólf, tvenn til vesturs og eru þær báðar með dyrum, tvinni minni hólf eru til austurs og lítið hólf er til suðurs og hafa dyr á því snuíð móti suðri. Tóftin er grasi gróin og veggir að hluta komnir í þúfur, minnst um 20sm á hæð en mest um 50sm háir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem heimildamaður hafði heyrt var þarna heilsársbúseta (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.10).

Skeggjastaðir-13

Sérheiti: Helgrund/Helgrind

Hlutverk: Búð/Býli

Tegund: Tóft

Hætta: Minjunum stafar hætta af landbroti.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, nyrst og vestast í landi Skeggjastaða, rúma 30m suður af Hofsá er tóft. Tóftin er á gróinni landræmu milli túngirðingar að austan og sjávar að vestan.

Lýsing

Tóftin snýr nálega austur-/vestur og eru tvennar dyr á

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir að sunnan Hofsár séu búðartóftir sem Helgrind eða Helgrund heiti (ÖS1:1) Í annarri skrá segir að Helgrind sé eyðibýli í norðvesturhorni túnsins við Hofsá (ÖS2:1).

Skeggjastaðir-14

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í örnefnaskrá kemur fram að Mólækur hafi verið skammt norðan við landamerkin (ÖS1: 1). Lækurinn er nánar tiltekið 150m norður af landamerkjum og liggur til vesturs frá suðurenda mógrafa sem þar eru og til sjávar.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 20x80m að utanmáli, óreglulegar að lögun. Grafirnar voru skráðar af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1708 segir að móskurður til eldiviðar sé bjarglegur og stundum nýttur (JÁM VIII:462).

Skeggjastaðir-15

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hætta: Minjunum getur stafað hætta vegna vatnsrofs úr Mólækjum.

Staðhættir

Á nyrðri bakka Mólækjar, vestan við suðurenda mógrafanna (nr. 14) eru tvennar mótóftir.

Lýsing

Önnur tóftin liggur nær mógröfunum, hún er 4x5m að utanmáli, grasi gróin, veggjahæð um 10-20sm og breidd 80-150sm en tóftin stendur á hávaða sem er um 40-50sm hærri en umhverfið.

Skeggjastaðir-16

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst


Hætta: Minjunum getur stafað hætta vegna vatnsrofs úr Mólæk.

Staðhættir

Á nyrðri bakka Mólækjar, vestan við suðurenda mógrafanna (nr. 14) eru tvennar mótóftir.

Lýsing

Fjær mógröfunum er grasi gróin þúst 5x9m að utanmáli. Vegghæð er um 10sm en þústin er á hávaða og er um 70-80sm hærri en umhverfið.



Skeggjastaðir-17

Sérheiti: Skeggjastaðastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst á Neðra-Skeggjastaðaholti (sjá aðrar upplýsingar) um 820m SSA af íbúðarhúsinu á Skeggjastöðum er stekkjartóft sem byggð er utan í mjóan og um 150sm háan klettavegg. Holtið sem tóftirnar eru á er gróið en fremur rýrt mólendi (ÖS1:2 ; ÖS2:1).

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV, hún er tvískipt með lambakró til NV en rétt til SA og á henni hefur veri hlið mótt SV. Utanmál er 10x15m og er suðaustur langveggur lengstur og hefur að líkindum verið hafður svo til að auðvelda innrekstur. Suðvesturendi hans er vart greinilegur. Mesta breidd veggja er um 1,2m og hæð þeirra frá 20-70sm, þeir eru hlaupnir í þúfur og grónir grasi og mosa en þó sér í grjót á nokkrum stöðum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Til suðurs frá Skeggjastaðatúni er Efra- og Neðra-Skeggjastaðaholt. Sunnarlega á Neðraholtinu er Prælagerði (eða Skeggjastaðagerði) [...] Í suðaustur frá Prælagerði er Skeggjastaðastekkur.“ (ÖS1:2).



Skeggjastaðir-18

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Rúmlega 180m SSA af félagsheimilinu Skagabúð er þrír niðurgreftir sem liggja hlið við hlið, að líkindum mógrafrir.

Lýsing

Svæðið er í heild 4x8m að ummáli og innan þess þrjár litlar grafir mest um 30sm djúpar og algrónar grasi og mosa.



Mynd 10. Horft er til NNV yfir grjótvörðu í baksýn sést í félagsheimilið Skagabúð.

Skeggjastaðir-19

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á mel um 230m ASA af félagsheimilinu Skagabúð og um 130m SA af malarnámu er varða.

Lýsing

Varðan er um 2x2m að grunnmáli og um 30sm há. Varðan er ekki hlaðin heldur liggur grjótið fremur í hrúgu. Hugsanlegt er að upphaflega hafi hún verið upphlaðin en hleðslan er þá hrunin.



Mynd 11. Horft er til vesturs, varðan er fyrir miðju. Hægra megin vörðunnar sést glitta í pak á íbúðarhúsinu og kirkjunni á Hofi en til vinstra megin sést heim að Skeggjastöðum



*Mynd 12. Horft er eftir Hofsgötum til SSA, Spákonufell í baksýn.
mosa.*

Skeggjastaðir-21

Sérheiti: Hofsgötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Suður frá Hofsá, beint suður af íbúðarhúsínu á Hofi eru götur sem nefndar voru Hofsgötur.

Lýsing

Göturnar liggja frá Hofsá til SSA framhjá félagsheimilinu Skagabúð að vestan og áfram og eru alls um 270m langar. Þær eru niðurgrafnar, mest um 30sm djúpar og á köflum grónar grasi og



Mynd 13. Skegghóll er fyrir miðri mynd, lengst til hægri sést í Hofsá, horft er til vesturs.

heldur um miðjuna. Höllinn er mest um 170sm hár að norðan en allur lægri til suðurs.

Skeggjastaðir-22

Sérheiti: Skegghóll

Hlutverk: Haugur, þjóðsögunaður

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir Í norður frá bænum er Konuhóll, en þaðan í norðvestur Skegghóll, og er talið, að þar hvíli Skeggi sá, er bærinn er við kenndur (ÖS1, 1).

Lýsing

Hóllinn er aflangur og liggur frá austri til vesturs, hann er tæplega 60m langur og 15m breiður en mjókkar



Mynd 14. Konuhóll í Skeggjastaðatúni. Horft er til suðausturs.

er aflangur og liggar austur/vestur, hann er um 1,4m á hæð, 9x20m að utanmáli og grasi gróinn. Samkvæmt heimildamanni fylgir sú saga hólnum að þar liggi kona Skeggja sem á að vera heygður í Skeggħól (nr. 22) (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.10).

Skeggjastaðir-23

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í norðausturhorni Skeggjastaðalands, við Suðurá, þar sem að Skeggjastaðir mæta Steinnýjarstaðalandi eru umtalsverðar mógrafir beggja vegna ár. Hluti þeirra er í landi Steinnyjarstaða og hluti í Skeggjastaðalandi.

Lýsing

Mógrafirnar eru alls 5 en eru skráðar saman hérna sem eitt svæði, þær eru minnst um 30sm djúpar og mest um 150sm.

Skeggjastaðir-23

Sérheiti: Konuhóll

Hlutverk: Óþekkt, þjóðsögustaður

Tegund: Hóll

Staðhættir


Í örnefnaskrá segir: „Í norður frá bænum er Konuhóll, en þaðan í norðvestur Skeggħóll, og er talið, að þar hvíli Skeggi sá, er bærinn er við kenndur“ (ÖS1, 1).

Lýsing

Hlutverk hólsins verður ekki skýrt nema með frekari rannsókn. Hóllinn



Mynd 15. Horft er yfir Suðurá til SV og eru mógrafirnar fyrir miðri mynd, handan ár.



Skeggjastaðir-25

Hlutverk: Mókofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhorni Skeggjastaðalands, við Suðurá, þar sem að Skeggjastaðir mæta Steinnyjarstaðalandi eru umtalsverðar mógrafir beggja vegna ár og við þær tvennar mótóftir.

Lýsing

Nyrðri mótóftin liggur NA/SV og er 3,5x5m að utanmáli, veggir lágar eða um 20sm og tóftin mjög gróin en þó greinileg í landslagi.

Skeggjastaðir-26

Hlutverk: Mókofi

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í norðausturhorni Skeggjastaðalands, við Suðurá, þar sem að Skeggjastaðir mæta Steinnyjarstaðalandi eru umtalsverðar mógrafir beggja vegna ár og við þær tvennar mótóftir.

Lýsing

Syðri tóftin eða þústin liggur NA/SV og er 2x4m að utanmáli. Hún er algróin grasi og er um 20sm hæð.

Skeggjastaðir-27

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildamanni var uppsátur við Skeggjastaðavík sem nú er horfið en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu hans (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.09). Gera má ráð fyrir nokkurri skekkju á punktinum.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er getið um uppsátur: „heimræði er hjer um hásumar og ein lendíng fyrir heimalandi, skips uppsátur er mjög örðugt, og því verður jafnan að sæta sjáfarföllum, því skipið á að gánga upp úr fjörunni einn klett, sem það er dregið í einni festi.“ (JÁM VIII: 463).

Horfnar minjar og óskráðar

Skeggjastaðir-28

Sérheiti: Grafdalur

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að Grafdalur sé suður frá Efraholti en Grafdalebrún þar ofan við (austan). Í Grafdal eru samkvæmt heimildamanni tvennar mógrafir ekki stórar (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.09). Grafirnar verða skráðar síðar.

Skeggjastaðir-29

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni er stekkjartóft í lækjargilinu upp (austan) við félagsheimilið Skagabúð (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.09) en hún fannst ekki við skráningu. Tóftin verður skráð síðar.

Skeggjastaðir-30

Sérheiti: Prestsæti

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir

Prestsæti var hlaðin landamerkjavarða á suðurmerkjum Skeggjastaða, um 150-200m neðan (vestan) þjóðvegar samkvæmt heimildamanni, hún er nú komin undir girðingu (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.09).

Skeggjastaðir-31

Sérheiti: Þrælagerði/Skeggjastaðagerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Til suðurs frá Skeggjastaðatúni er Efra- og Neðra-Skeggjastaðaholt. Þau eru grasi gróin. Sunnarlega á Neðraholtinu er Þrælagerði (eða Skeggjastaðagerði).“ (ÖS1:1). Í annarri skrá segir að gerðið hafi verið suður af fjárhúsunum (ÖS2, 1).

Lýsing

Sunnan við fjárhúsin á Skeggjastöðum er tún og syðst í því voru tóftir sem kallaðaðar voru Þrælagerði/Skeggjastaðagerði (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.09). Minjarnar eru nú horfnar undir tún og staðsetning þeirra ekki þekkt.

Skeggjastaðir-32

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók frá 1708 segir: „Selstöðu á jörðin fyrir austan Geldingaskarð á bak við fjöll, hefur áður brúkast en ekki í næstu tuttugu ár.“ (JÁM VIII:463).

Lýsing

Ábúendur á Skeggjastöðum höfðu ekki heyrt getið um sel frá Skeggjastöðum en vera má að það hafi verið þar sem Hofssel er en þar eru fjölmargar minjar og gætu einhverjar þeirra hafa tilheyrt Skeggjastöðum að fornu (Hallgrímur Hjaltason, munnleg heimild 29.07.09).

Skeggjastaðir-33

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í grein eftir Svein Sveinsson frá Tjörn segir frá akstursleiðum hestasleða eftir Skaga: „Úr þessu móabelti [innan við Heyvatn] lá leiðin inn með Hvammkotsbruna ofan við Stórhól og niður sunnan við hann ofan í Hofslóða. Þaðan var ekið inn eftir Hofs- og Skeggjastaðaflóum og síðan inn Vatnagötur. Innst á Skeggjastaðaflóa höfðu stærstu þúfurnar verið fjarlægðar úr akbrautinn með líkum hætti og innan við Heyvatn, þannig að drót til lægðar í slóðinni og svell settist í.“ (Sveinn Sveinson (2004).

Lýsing

Gatan fannst ekki við fornleifaskráningu 2009.

Álfhóll - söguágrip



Mynd 16. Horft er til SV yfir bæjarhólsins í óslegnu túni á Álfhóli.

Landnúmer	Notkun	Ræktað land
145837	Eyðijörð, nytjað	-

Álfhóll var hjáleiga frá Hofi og er fyrst getið í jarðabók frá 1708 þar sem segir: „Önnur eyðihjáleiga bygð í heimalandi fyrir fímtíu árum, varaði bygðin inn til næstu tíu ára, síðan í auðn legið.“²⁹ Jörðin kemur fyrst fyrir í manntali 1835 og eru þá 6 til heimilis en 7³⁰ þegar flest var.³¹ Jörðin fór í eyði 1941.³²

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Álfhóll	1708 ³³	Hjáleiga frá Hofi	5 hndr	40 álnir	2-3
Álfhóll	1847 ³⁴	Hjáleiga frá Hofi		60 álnir	2
(mat hreppstjóra)	1847 ³⁵	-	5 hndr	-	1,5
Álfhóll	1861 ³⁶	-	7 hndr	-	-

²⁸ Heimasíða Þjóðskrár: <http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055171&landnr=145837&streetname=-%C3%81lh%C3%B3ll+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>. Skoðuð þann 30. mars 2011.

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 464.

³⁰ Sjá eftirfarandi manntöl á Manntalsvef Þjóðskjalasafnsins: 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901.

³¹ Manntalsvefur Þjóðskjalasafnsins: <http://manntal.is/>. Skoðað þann 19.11.2010.


³² Húnabing II (1978), 464.

³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 464.

³⁴ Jarðatal á Íslandi, 243.

³⁵ Jarðatal á Íslandi, 243.

Um landkosti jarðarinnar segir í jarðabók frá 1708: „Þessi hjáleiga liggur í fjarlægð við staðinn en nálægt beitilandi annarra jarða, og verður því ei varin fyrir ágángi og brúkast því ekki til slægna síðan kотið lagðist í eyði, hvorki frá staðnum nje öðrum jörðum.“³⁷



Mynd 17. Á myndinni er túnakort frá 1920, eftir Ágúst B. Jónsson, lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Kortin eru á Pjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu er gamli bærinn nr. 1, fjósið nr. 2, fjárhús nr. 8, hesthús nr. 3 og heimreiðin nr. 5 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Álfhóls).

³⁶ Ný jarðabók, 90.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 464.

Fornleifaskráning

Álfhóll-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bærinn syðst í túni og fjós áfast honum.

Lýsing

Syðst í túni á Álfholi er lágor hóll, rúmlega 30x36m að utanmáli. Búið er að rífa bæinn og sléttu yfir en dældir sjást enn í túni þar sem húsin stóðu um 5-15sm djúpar.

Álfhóll-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bærinn syðst í túni og fjós áfast honum.

Lýsing

Búið er að rífa fjósið og bæinn en enn sjást dældir í túninu þar sem bæjarhúsin stóðu.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá fyrri hluta 20. aldar segir að fjós sé fyrir 4 kýr með brunnhusi og gangi (Jarðamat fyrir Álfhól í Vindhælishreppi, skjal nr. 37.)

Álfhóll-3

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er hesthús í NA horni túnsins.

Lýsing

Búið er að rífa hesthúsið og sést það ekki á yfirborði. Punktur var tekinn af hnítsettri loftmynd og því má gera ráð fyrir skekkju allt að 20m.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá fyrri hluta 20. aldar segir að hesthús sé fyrir 15 hesta (Jarðamat fyrir Álfhól í Vindhælishreppi, skjal nr. 37.)

Álfhóll-4

Hlutverk: Skemma

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er sýnd skemma suður af bænum.

Lýsing

Búið er að rífa skemmuna og bæinn en enn sjást dældir í túninu þar sem bæjarhúsin stóðu.



Mynd 18. Brúarhleðsla við læk suður af gamla bæjarhólnum á Álfhóli.

yfir lækinn og sjást grjóthleðslur beggja vegna lækjar og á milli þeirra liggja raftar. Hleðslurnar eru um 40sm háar.

Álfhóll-6

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Dæld

Staðhættir

Á gróinni tiltölulega sléttri flöt, beint vestur af gamla bæjarstæðinu (nr. 1), er dæld í túnið.

Lýsing

Hún er um 20sm djúp og um 10x11m að utanmáli. Engin veggjalög eru greinanleg en það virðist sem einhverskonar mannvirki hafi staðið þarna.



Álfhóll-7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúma 30m NA af gamla bæjarstæðinu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er aflöng 16x34m að utanmáli og hafa dyr á 6 eða 7 króm snuíð móti vestri en hlaða eða heytóft er til austurs. Syðst eru þrjú óskilgreind hólf, hugsanlega rétt og eða heytóftir. Veggir eru grasi grónir og mikill gróður er í tóftinni. Grjót sést í veggjum og í veggjahruni og torfhleðslur sjást þar sem rof er í veggi. Hæð veggja er frá 30-130sm og breidd mest um 2m. Húsin eru líklega reist eftir 1920 þar sem þau eru ekki sýnd á túnakorti og teljast því ekki enn með lögum til fornleifa en fylgja þessari skrá þar sem þau eru byggð úr torfi og grjóti.

Álfhóll-5

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 sést að heimreiðin lá til suðausturs frá bænum.

Lýsing

Búið er að slétta yfir heimreiðina næst gamla bæjarstæðinu en sunnan þess, frá læk sem liggur sunnan túnsins, er heimreiðin glögg og var mæld á 140m um löngum kafla. Gatan er niðurgrafin og mest um 80sm djúp og 1m á breidd. Brú var

Álfhóll-8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá fjárhús nyrst í túni og þar sjást enn leifar fjárhúss í sléttu túni rúma 100m norður af gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Veggjalög eru lítt greinileg en hægt er að átta sig á utanmáli tóftar sem er um 11x13m og innan í eru dældir sú dýpsta um 30sm djúp.



Mynd 19. Horft eftir túngarðinum til NV.

Álfhóll-10

Hlutverk: Óþekkt, nátthagi?

Tegund: Garðlag, þúst

Staðhættir

Tæplega 140m VSV af gamla bæjarstæðinu á Álfholi er garðlag eða þúst í framræstri mýri.

Lýsing

Garðlagið/þústin er rofið og hlaupið í þúfur en algróið. Hæð er um 30-40sm og breidd mest um 2m. Það liggar frá girðingu frá V til NA og svo A og er 15m á lengd. Möguleiki er að það sé náttúrulegt.

Álfhóll-9

Hlutverk: Túngegarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Austan við túnið er túngarður og liggar hann að hluta utan við núverandi túngirðingu

Lýsing

Garðlagið er grasi gróið, 30-60sm hátt, 1-3m á breidd og alls um 170m á lengd. Það er á köflum nokkuð hrunið. Utan (austan) garðsins er mýri en tún innan hans.

Álfhóll-11

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Vestur af túninu á Álfhóli eru mógrafir.

Lýsing

Svæðið sem grafirnar ná yfir er óreglulegt að lögun en er um 35x100m að ummáli og grafirnar mest um 90sm djúpar. (Sjá mynd hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir:

„Norðan við túnið heita


Melar, en nokkuð

vestan við túnið heitir

Barð. Suðvestur af þeim Mómelur, [...].“ (ÖÓP, 1). Í athugasemdum Jóns Ól. Benónýssonar við örnefnaskrá Álfhóls segir: „Mótekja var á Barðinu; mórinna var þurrkaður í kring. Nafnið Mómel telur Jón hins vegar ekkert tengt mótekju. Mórinna var ekki góður, u.p.b. 4-5 stungur.“ (ÖJB, 1).



Mynd 20. Horft til NV yfir suðurhluta mógrafanna.



Álfhóll-12

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur af túninu á Álfholí eru mógrafir og á svonefndu Barði austan þeirra eru tvær mótóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er 5x6m að utanmáli algróin grasi og mosa. Hún stendur á lágum hól og eru veggir um 40sm háir og rúmlega 1m breiðir. Hluti hennar er rofinn í burtu.

Álfhóll-13

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur af túninu á Álfholí eru mógrafir og á svonefndu Barði austan þeirra eru tvær mótóftir.

Lýsing

Syðri tóftin er 4,5x6m að utanmáli, veggir um 40sm háir, 80-200sm breiðir og grónir grasi og mosa.

Álfhóll-14

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur af túninu á Álfholí eru mógrafir og tvær mótóftir eru austan þeirra, skammt austur af veginum heim að Steinnýjarstöðum.

Lýsing

Nyrðri tóftin er 4x8m að utanmáli, hæð veggja er frá 20-40sm og breidd 80-150sm. Veggir eru algrónir grasi og mosa og hafa a.m.k. verið hlaðnir úr grjóti að hluta.

Álfhóll-15

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur af túninu á Álfholí eru mógrafir og tvær mótóftir eru austan þeirra, skammt austur af veginum heim að Steinnýjarstöðum.

Lýsing

Syðri tóftin er 4x5m að utanmáli. Veggir eru um 30sm á hæð, 60-180sm breiðir og grónir grasi og mosa.

Álfhóll-16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Austan við mógrafirnar (nr. 11) og vestan við túnið á Álfholi er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur frá NA til SV og er alls um 110m langt. Það er frá 40-70sm hátt og mest um 2m á breidd, tölувert hrunið og virðist gamalt.



Mynd 21. Horft eftir garðlaginu sem liggur til NA í átt að túni á Álfholi.

Álfhóll-17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Á gróðurlitlu melholti, tæplega 290m SSV af gamla bæjarstæðinu á Álfholi er steinalögn.

Lýsing

Steinalögnum er hringlaga, um 2,5m í þvermál. Hleðslan er nánast algróin og líkist vörðu.



Mynd 22. Horft er til NNV yfir leifar smalabyrgis.

Álfhóll-18

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróðursnauðu uppblásnu holti rúma 560m SV af gamla bæjarstæðinu á Álfholi (nr. 1) er smalabyrgi.

Lýsing

Byrgið, lyngi gróið, er um 2m á kant og er veggjahæð um 10sm en veggir eru hrundir inn á við.

Álfhóll-19

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í myri rúma 320m VSV af gamla bæjarstæðinu á Álfholi (nr. 1) er niðurgröftur, líklega mógröf.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 5x7m að utanmáli og gæti verið hluti af stærra mógrafarsvæði þó erfitt sé að greina þær í nánasta umhverfi.

Álfhóll-20

Hlutverk: Fráveita


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í þýfðum mýrarflóa rúmlega 400m SV af bæjarstæðinu á Álfholi (nr. 1) er handgraffinn skurður.

Lýsing

Skurðurinn er 54m á lengd og hefur líklega verið graffinn til að veita vatni úr mýrinni.



Álfhóll-21

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi halla í mýri vestan við veginn heim að Steinnýjarstöðum, tæpa 500m vestur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi eru þrennar tóftir, líklega mótfóftir.

Lýsing

Syðsta tóftin er 7x9m að utanmáli og veggir um 30-50sm háir. Tóftin er regluleg að lögun og vel greinanleg en veggir komnir í stórar þúfur.

Álfhóll-22

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi halla í mýri vestan við veginn heim að Steinnýjarstöðum, tæpa 500m vestur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi eru þrennar tóftir, líklega mótfóftir.

Lýsing

Tóftin er gróin grasi og mosa, fremur ólöguleg og mikið rofinn að innan. Hún er 4x6m að utanmáli og veggir um 40sm háir.

Álfhóll-23

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í aflíðandi halla í mýri vestan við veginn heim að Steinnýjarstöðum, tæpa 500m vestur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi eru þrennar tóftir, líklega mótfóftir.

Lýsing

Nyrst er ólöguleg þúst um 40sm há, gróin grasi og mosa og stórbýfð. Utanmál er um 7x7m.


Álfhóll-24

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í mýri vestan við veginn heim að Steinnýjarstöðum, beint suður af Álfhóli er mógrafarsvæði með töluverðum fjölda af smærri gröfum. Hver mógröf var ekki mæld sérstaklega en punktur var tekinn á einni þeirra og má gera ráð fyrir mógröfum í allri mýrinni umhverfis.



Álfhóll-25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi suðvestur undir Álfhólnum eru sex tóftir sem liggja meðfram hólnum frá norðri til suðurs.

Lýsing

Syðsta tóftin liggur í stefnuna austur/vestur og er 3x4m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir, grónir grasi mosa og lyngi og eru aðeins um 10-20sm háir, lægstir til suðurs. Dyr eða hlið hefur snúið til austurs.

Álfhóll-26

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi suðvestur undir Álfhólnum eru sex tóftir sem liggja meðfram hólnum frá norðri til suðurs.

Lýsing

NA við tóft nr. 25 er nokkuð stærri tóft eða um 6m á kant, tvískipt með lambakró til SA en rétt er til NV. Veggir eru algrónir grasi og mosa, jarðsokknir og um 10-20sm á hæð.

Álfhóll-27

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi suðvestur undir Álfhólnum eru sex tóftir sem liggja meðfram hólnum frá norðri til suðurs.

Lýsing

Rúmlega 6m austan við stekkjartóft nr. 26 er önnur tóft 3x6,5m að utanmáli sem einnig líkist stekk en hún virðist vera tvískipt. Veggir eru hlaupnir í þúfur og eru um 10-30sm háir.

Álfhóll-28

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi suðvestur undir Álfhólnum eru sex tóftir sem liggja meðfram hólnum frá norðri til suðurs.

Lýsing

Priðja tóftin að norðan er tvískipt, 3x7m að utanmáli og hún liggur í stefnuna N/S. Tóftin er mosa og lynggróin, jarðsokkin og veggir sem eru fremur ógreinilegir eru 10-40sm háir.

Álfhóll-29

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi suðvestur undir Álfhólnum eru sex tóftir sem liggja meðfram hólnum frá norðri til suðurs.

Lýsing

Nyrsta tóftin er 3x4,5m að utanmáli og hafa dyr eða hlið snúið til norðurs. Veggir eru jarðsokknir en greinilegir, 30-40sm á hæð. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót.

Álfhóll-30

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi suðvestur undir Álfhólnum eru sex tóftir sem liggja meðfram hólnum frá norðri til suðurs.

Lýsing

Beint SA af tóft nr. 29 er tvískipt tóft, hugsanlega stekkjartóft með kró til norðurs og rétt til suðurs. Veggur liggur til SV frá tóftinni og gæti verið til að auðvelda innrekstur. Hún er 3,5x12m að utanmáli með hliði til vesturs. Innangengt er úr kró yfir í rétt. Veggir eru jarðsokknir, grónir grasi og mosa og um 10-20sm á hæð.



Mynd 23. Varða á Álfhóli, horft er til NA.

Álfhóll-31

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Vestanvert á há-Álfhóli, um það bil fyrir miðjum hólnum er grjóthlaðin varða.

Lýsing

Varðan sem gerð er úr nokkuð stóru grjóti er hrúnin til hálfss. Hún er um 150sm á hæð og um 2m á kant að grunnmáli.

Álfhóll-32

Hlutverk: Fráveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norður undir Steinnýjarstaðaá (660-760m vestur af Steinnýjarstaðabænum) sem skiptir löndum Álfhóls og Steinnýjarstaða eru þrenn garðlög sem liggja í norður/suður stefnu, samsíða frá austri til vestri.

Lýsing

Austasta garðlagið er 47m á lengd og mest um 20sm á hæð og breidd um 20-30sm. Það er algróið grasi og hlaðið úr torfi. Það liggur frá S en beygir við norðurendann til NA.

Álfhóll-33

Hlutverk: Fráveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norður undir Steinnýjarstaðaá (660-760m vestur af Steinnýjarstaðabænum) sem skiptir löndum Álfhóls og Steinnýjarstaða eru þrenn garðlög sem liggja í norður/suður stefnu, samsíða frá austri til vestri.

Lýsing

Garðlagið sem er fyrir miðið er 49m langt, mest um 20sm hátt og um 20-30sm breidd. Það er hlaðið úr torfi og algróið grasi. Garðlagið liggur frá S til NNV.

Álfhóll-34

Hlutverk: Fráveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norður undir Steinnýjarstaðaá (660-760m vestur af Steinnýjarstaðabænum) sem skiptir löndum Álfhóls og Steinnýjarstaða eru þrenn garðlög sem liggja í norður/suður stefnu, samsíða frá austri til vestri.

Lýsing

Vestasta garðlagið er 37m langt, hlaðið úr torfi og algróið. Það er mest um 20sm á hæð og um 20-30sm á breidd.

Álfhóll-35

Hlutverk: Heystæði, móttóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Norðaustan við Álfholinn, norður undir Steinnýjarstaðaá (400m vestur af Steinnýjarstaðabænum) sem skiptir löndum Álfhóls og Steinnýjarstaða er þúst.

Lýsing

Þústin er 5,5x8m að utanmáli og um 30-50sm há. Hún er algróin grasi og mosa og virðist manngerð en er afar óljós.

Álfhóll-36

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Fjölmargar smærri mógrafir eru víða í mýrinni NA og A af Álfholi. Hver mógröf var ekki skráð heldur telst mýrin öll sem eitt mógrafarsvæði.

Lýsing

Vestasta garðlagið er 37m langt og hlaðið úr torfi



Álfhóll-37

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan við veginn heim að Steinnyjarstöðum, tæplega 400m NV af gamla bæjarstæðinu á Álfholi er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, kró til norðurs en rétt til suður, innangengt er á milli en hlið er á réttinni móti vestri. Hún er 4x7m að utanmáli, hæð veggja um 30-60sm, mosa og lyngi grónir og þýfðir.

Álfhóll-38

Sérheiti: Þrívorðumelur

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á gróðurlitlu klettholti, Þrívorðumel, rúmlega 480m NA af gamla bæjarstæðinu á Álfholi, rúma 50m SV af Steinnyjarstaðaá er varða.

Lýsing

Varðan er gerð úr stóru grjóti en er nú að mestu leyti hrunin. Hún er rúmlega 1m á kant að grunnmáli og 50sm há.

Aðrar upplýsingar

„Nokkuð austur af Breiðum heita Stangarhólar. Norður af þeim Krókadý. NV af þeim Þrívorðumelur.“ (ÖÓþ, 1).



Mynd 24. Horft er til NNV, varðan til vinstrí á mynd en Álfhóll í baksýn.

Álfhóll-39

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 800m austur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi eru mógrafir og mótfir. Þær eru nyrst í svonefndum Torfdal.

Lýsing

Mógrafirnar sem liggja í myri vestur undir ógrónum melhól, eru um 1260m^2 að flatarmáli og mest um 70sm á dýpt.

Álfhóll-40

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 800m austur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi, vestur undir ógrónum mel, nyrst í svonefndum Torfdal eru mógrafir og við þær mótfir.

Lýsing


Syðsta tóftin er tæplega $3 \times 5\text{m}$ að utanmáli og stendur á grónum hól sem er um 140sm háir. Lyngir grónir veggirnir eru lágir eða um 10sm háir, 50-150sm breiðir, en sæmilega greinilegir.



Mynd 25. Mógraðir fyrir miðri mynd, horft er til NV.



Mynd 26. Horft er yfir mótfóttina til vesturs.



lyngi gróinn hóll þar sem líklegt er að mó hafi verið staflað til þurrkunar. Hóllinn er um 100sm hárr og um 2x4m að utanmáli en engin veggjalög eru greinanleg á honum.



Mynd 27. Horft yfir vörðu nr. 43 í átt til Álfhóls í NV.

Álfhóll-41

Hlutverk: Mótóft?

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 800m austur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi, vestur undir ógrónum mel, eru mógrafir og við þær mótóftir.

Lýsing

Austur af mógröfunum (nr. 39) er lyngi gróinn hóll þar sem líklegt er að mó hafi verið staflað til þurrkunar. Hóllinn er um 100sm hárr og um 2,5m að þvermáli en engin veggjalög eru greinanleg á honum.

Álfhóll-42

Hlutverk: Mótóft?

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 800m austur af gamla bæjarstæðinu á Álfholi, vestur undir ógrónum mel, nyrst í svonefndum Torfdal eru mógrafir og við þær mótóftir.

Lýsing

Austur af mógröfunum (nr. 39) er lyngi gróinn hóll þar sem líklegt er að mó hafi verið staflað til þurrkunar. Hóllinn er um 100sm hárr og um 2x4m að utanmáli en engin veggjalög eru greinanleg á honum.

Álfhóll-43

Hlutverk: Kennimark?

Tegund: Varða?

Staðhættir

Á gróðursnauðum melhól rúman 1km SA af gamla bæjarstæðinu á Álfholi og um 270m SSA af mógröfunum (nr. 39) er ferhyrnd hleðsla.

Lýsing

Stóru grjóti er raðað í ferhyrning og smærra grjóti innan í en slíkt grjót þekur stóran hluta melsins að ofan. Hleðslan er um 20sm á hæð.



Mynd 28. Steinalögn (nr. 44) og varða (nr. 45) í baksýn, horft er til SV.



Mynd 29. Varða (nr. 45), horft er til NV.

Álfhóll-44

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Á gróðursnauðum melhóli rúman 1km SA af gamla bæjarstæðinu á Álfhóli og um 270m SSA af mógröfunum (nr. 39) er ferhyrnd hleðsla og 15m NA af henni steinalögn.

Lýsing

Einföld tígullaga steinalögn um 1x2m að ummáli og 10sm á hæð. Innan hennar er raðað grjóti.

Álfhóll-45

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á gróðursnauðum melhól tæplega 1,3km SA af gamla bæjarstæðinu (nr. 1) á Álfhóli og rúma 210m austur af hleðslum nr. 43 og nr. 44 er varða.

Lýsing

Varðan er hlaðin úr hellugrjóti og er um 30sm há og 1,5x2m að grunnmáli.

Álfhóll-46

Sérheiti: Álfhóll

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Álfhóll [Álfhóls-hóll], ágætur sjónarhóll. Þar er álagablettur, sem ekki mátti slá.“ (ÖGJ, 1).

Lýsing

Samkvæmt Hallgrími Hjaltasyni var álagabletturinn myri sú sem er sunnan undir Álfhólnum. (Munnleg heimild 17.12.2010).

Álfhóll-47

Sérheiti: Álfhóll

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Norðan við miðju Álfhóls er varða á stórgrýttum mel sem vaxin er lyngi á stöku stað.

Lýsing

Varðan sem byggð er úr nokkuð stóru grjóti er hrúnin og virðist hleðsla hennar hafa verið heldur óvönduð, hæð er 70sm.

Horfnar og óstaðsettar minjar

Álfhóll-47

Sérheiti: Kvíagrund

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan bæinn hét Bali, en norðast á túninu Grundir. Austasti hluti hennar Kvíagrund.“ (ÖÓþ, 1). Í athugasemnum Jóns Ól. Benónýssonar við örnefnaskrá Álfhóls segir: „Jón man ekki eftir nafninu Kvíagrund, en kvíar voru til á bænum, í túninu að sunnanverðu (áfast við túnið). Hætt var að færa frá í kringum árið 1906, eins og á bæjunum þarna í kring.“ (ÖJB, 1).

Lýsing

Kvíatóftir fundust ekki, hvorki norðan né sunnan túns, við skráningu sumarið 2010 og gætu hafa horfið við túnasléttun.

Álfhóll-48

Sérheiti: Nátthagi

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarstykki er syðst í túninu. Niður af því er Nátthagi, girtur reitur [sunnan túns].“ (ÖGJ, 1).

Lýsing

Engin ummerki um hlaðinn garð fundust SV við túnið þar sem nátthagi á að hafa verið staðsettur en samkvæmt heimildamanni voru þar áður garðlöög sem gætu verið komin undir tún. Sjái enn eitthvað af garðlögunum gæti verið að þau hefðu ekki fundist í óslegnu túni sumarið 2010.

Álfhóll-49

Sérheiti: Torfdalur

Hlutverk: Torftaka

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Nokkuð austur af Breiðum heita Stangarhólar. Norður af þeim Krókadý. NV af þeim Prívörðumelur. NA af Krókadýjum heitir Torfdalsdrag. Þar suðaustur af Torfdalur“ (ÖÓþ, 1).

Lýsing

Engin merki fundust um torftöku við skráningu 2010 en mógrafir (nr. 39) eru nyrst í Torfdal.

Álfhóll-50

Sérheiti: Dagnálavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Dagnálavarða er efst á melsenda, upp með henni landamerkjavarða.“ (ÖGJ, 1).

Lýsing

EKKI VISSI HEIMILDAMAÐUR Hallgrímur Hjaltason (munnleg heimild 17.12.10) hvaða varða nefndist Dagnálavarða og því gæti hún verið skráð hér að framan.

Fjall - söguágrip



Mynd 30. Horft heim að Fjalli þar sem sést hvar túngardur umlykur túnið.

38 Landnúmer	Notkun	Ræktað land
145844	Eyðijörð, nytjað	-

Fjalls er fyrst getið í reikningum Reynistaðaklausturs frá árinu 1446 og var jörðin metin á 3 ½ kúgildi, byggt fyrir 3 ½ vættir skreiðar.³⁹ Fjall fór í eyði 1953 og var síðasti ábúandi Ólafur Jónasson.⁴⁰

Ábúð

Á Fjalli voru tveir til heimilis þegar manntal var fyrst tekið árið 1703 en að jafnaði bjuggu fleiri þar og þegar flest var árið 1870 voru 12 skráðir þar til heimilis.⁴¹

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Fjall	1686 ⁴²	Konungseign/Reynistaðaklaustur	3 hndr 80 álnir	20 álnir	2
Fjall	1696 ⁴³	Konungseign/Reynistaðaklaustur	3hndr álnir	20 álnir	2
Fjall	1708 ⁴⁴	Konungseign/Reynistaðaklaustur	3 hndr	20 álnir	2

³⁸ Heimasíða Þjóðskrár: <http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055179&landnr=145844&streetname=-Fjall+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0o>. Skoðuð þann 30. mars 2011.

³⁹ Íslenskt Fornbréfasafn IV, 700.

⁴⁰ *Húnaþing II* (1978), 103.


⁴¹ Heimasíða Þjóðskjalasafns Íslands <http://manntal.is/#/>. Skoðað þann 22.11.2010.

⁴² Björn Lárusson (1967), 246.

⁴³ Björn Lárusson (1967), 246.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Fjall	1847 ⁴⁵	Konungseign/Reynistaðaklaustur	3 hndr	20 álnir	2
Fjall	1861 ⁴⁶	-	10,8 hndr	-	-

Í jarðabók frá 1708 er landi segir að torfrista og stunga sé næg, móskurður til eldiviðar bjarglegur og að eithvæð sé notað af lyngi og hrísi með til eldamennsku. Silungsveiði í Langavatni notuð að vetri til. Engjar engar en lítillega er heyjað í flóum og myrum.⁴⁷



Mynd 31. Á myndinni er túnakort frá 1920, eftir Ágúst B. Jónsson, lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Kortin eru geymd á Þjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu er gamli bærinn nr. 2, fjósið nr. 3, brunnhús nr. skemma nr. 5 og nr. 6 er hesthús. Fjárhús eru styðst í túni nr. 16 og nr. 17 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Fjalls).

⁴⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 428.

⁴⁵ Jarðatal á Íslandi, 246.

⁴⁶ Ný jarðabók, 91.

⁴⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 460-461.

Fornleifaskráning



Mynd 32. Horft er til SV yfir bæjarhólinn á Fjalli.

Fjall-1

Hlutverk: Bæjarhóll


Tegund: Híbýli

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bærinn í austurjaðri túnsins norðarlega og við hann fjós. Í örnefnaskrá segir að bærinn hafi verið sunnan bæjarlækjar (ÖJB, 3). Túnið á Fjalli er í aflíðandi halla við fjallsrætur og er bæjarhólinn efst (austast) í því norðarlega, tæplega 20m neðan (vestan) við túngarðinn. Norðan við hann rennur bæjarlækurinn.

Lýsing

Hóllinn er grasi gróinn og um 19x30m að utanmáli. Efst á hólnum eru tóftaleifar og veggjabrot en aðeins tvær greinanlegar tóft. Á túnakorti frá 1920 má sjá að fjós var við bæinn og neðan (vestan) við voru hesthus og skemma. (Sjá teikningu hér að aftan).



Fjall-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóftir

Staðhættir


Bæjarhóllinn er efst (austast) í túninu, norðarlega og á honum stóð bærinn og áfast við hann var fjós (sjá túnakort frá 1920).

Lýsing

Efst á hólnum er tví- eða þrískipt tóft 8×12 m að utanmáli. Búið er að rífa húsin en grjóthlaðnir lágir veggir standa enn um 40sm háir. Norðan við tóftina er önnur tóft minni $2 \times 3,5$ m að utanmáli með dyr til vesturs. Veggir eru 30sm háir og sér í grjót en tóftin gróin að öðru leyti. Stök veggjabrot eru á hólnum, grasi gróin en víðast sést í grjóthleðslur, hæð er oftast um 30-40sm. Neðst (vestast á hólnum) er veggjabrot, grjóthlaðið um 3,5m á lengd og 30sm hátt. Einnig liggar steinsteyptur strompur á milli 4-5m langur við tóftirnar.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Jóhönnu Jónasdóttur sem fædd er og uppalin á Fjalli brann bærinn vorið 1944 og bjó fjölskyldan í hlöðu það sumarið (Jóhanna Jónsdóttir, munnleg heimild 06.01.11).



Fjall-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjarhóllinn er efst (austast) í túninu, norðarlega og á honum stóð bærinn og áfast við hann var fjós (sjá túnakort frá 1920). Norðan við bæjarlækinn er fjóstóftin sem var áfost bænum með rangala samkvæmt Jóhönnu Jónasdóttur sem er fædd og uppalin á Fjalli (Jóhanna Jónasdóttir, munnleg heimild 06.01.11).

Lýsing

Tóftin er 7x10m að utanmáli og eru veggir frá 30-140sm háir og mest um 2m á breidd. Þeir eru grasi grónir, þýfðir, hlaðnir úr torfi og grjóti og sér í grjóthleðslur í veggjum. Vesturveggur eða framhlið tóftar er að miklu leyti horfinn og er tóftin rofin eftir ágang búfjár. Dyr hafa snúið mótmáli vestri.

Fjall-4

Sérheiti: Brunnhús

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Músamó [Músamór er í túni, vestarlega á svokallaðri Fjósdagsláttu] er Bæjarlækur, en hann rann í gegnum bæinn, þar var kallað Brunnhús. Ranghali lá fram úr bænum og fram á lækinn.“ (ÖJB, 3).

Lýsing

Við bæjarlækinn er grjóthleðsla um 1m á lengd og um 30sm há. Ekki er ólíklegt að hún sé hluti af eða tengist ranghala þeim sem nefndur er í örnefnaskrá hér að framan. Samkvæmt Jóhönnu Jónasdóttur var innangengt frá bænum um rangalann og yfir í fjós sem var norðan bæjarlækjar (munnleg heimild 06.01.11). (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-5

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er skemma vestur af bænum og fjósinu.

Lýsing

Skemman er að líkindum horfin að mestu eða öllu leyti en hugsanlegt er að einhver hluti þeirra veggjaleifa sem eru á bæjarhólnum séu hlutar skemmunnar. Punktur var tekinn af hnítsettu túnakorti og gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju. (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-6

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er skemma vestur af bænum og fjósinu og vestan hennar hesthús.

Lýsing

Hesthúsið er að líkindum horfið en punktur var tekinn af hnítsettu túnakorti og gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju. (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-7

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er girðing að austan (og líklega einnig að norðan) sagður torfgarður með vír. Túngarður, nokkuð stæðilegur, liggur umhverfis túnið á Fjalli að norðan, austan og að hluta að sunnan.

Lýsing

Hann er alls um 600m langur, vel stæðilegur á köflum og hlaðin ýmist úr torfi og grjóti eða eingöngu grjóti. Veggjahæð er mest um 120sm og breidd mest 2m. Syðsti hluti túngardísins er meira hruninn og er 2-3m á breidd, 80sm á hæð, hlaðinn úr grjóti. Hlið hefur verið á túngarðinum til norðurs og annað tæpa 20m NA af bæjarhólnum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er getið um túngarðinn en þar segir að kvíar hafi verið norðan til í svonefndri Brekku austan við túnið, rétt við túngarðinn. (ÖJB, 13). (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-8

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 liggur heimreiðin til norðausturs frá bænum.

Lýsing

Tæplega 20m löng slóð sést frá bæjarhólnum til NA að hliði sem er á bæjarhólnum. Líklega leifar af heimreiðinni en hún er sýnd á svipuðum stað á túnakorti frá 1920. (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-9

Hlutverk: Leið


Tegund: Gata

Staðhættir

„Fyrir sunnan bæinn var Bæjardagslátta vestur að götu, en hún lá suður túnið.“ (ÖJB, 3).

Lýsing

Frá SV horni bæjarhólsins liggur gata suður túnið og suður fyrir syðstu fjárhústóftirnar (nr. 22). Gatan er vel greinileg og á loftmynd sést hún liggja enn lengra til suðurs og er greinanleg langleiðina að merkjum milli Fjalls og Steinnýjarstaða. Hún er alls tæpir 780m á lengd. (Sjá teikningu hér að framan).



Fjall-10

Sérheiti: Kvíahóll?

Hlutverk: Kvíar


Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan við túnið hét Brekka og norðan til í henni voru Kvíar, rétt við túngarðinn. (ÖJB, 13). Í brekkunni tæpa 30m ofan (austan) við bæjarhólinn og tæpa 10m ofan við túngarðinn er aflöng tóft sem miðað við úlit gæti verið kvíatóft.

Lýsing

Hún er grafin inn í brekkuna til austurs og utanmál 5x10m. Veggir eru grasi grónir og þýfðir, hæð þeirra er um 50-80sm og breidd mest um 2m til norðurs þar sem að veggur er hvað mest hruninn.



Fjall-11

Hlutverk: Rétt


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rúmlega 40m SA af bæjarhólnum er garðlag, rétt, áfost túngarðinum að ofan (austan).

Lýsing

Garðlagið er 8x14m að utanmáli og hefur hlið verið á réttinni til suðurs. Veggir eru grjóthlaðnir og sést vel í hleðslur sem eru nokkuð hrundar. Að öðru leyti eru veggir grónir grasi og mosa. Hæð veggja er frá 30-110sm og í norðurvegg er fremur stórt grjót en minna í öðrum veggjum.



Fjall-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 40m suður af bæjarhólnum er aflöng tóft sem liggur frá norðri til suðurs.

Lýsing

Veggir eru jarðsokknir, 10-30sm háir og þýfðir, falla vel að umhverfi sínu og hvergi sér í grjót. Óvist er með stærð tóftarinnar þar sem norðurendi hennar er fremur óljós og mikill gróður er á túninu. Hún virðist vera 5x17m á lengd og mögulegt er að tvennar dyr séu til vesturs og einar til norðurs.

Fjall-13

Sérheiti: Goðatóftir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld


Staðhættir

„Fyrir sunnan bæinn var Bæjardagslátta vestur að götu, en hún lá suður túnið. Þar vestur af er Tveggjadagasláttur, [...]. Við

Suðurenda Tveggjadagasláttar eru Goðatóftir, tóftarbrot. Menn vita ekkert eftir hvað þessar tóftir eru. Þær eru grasi grónar, fornar að sjá.“ (ÖJB, 3). Neðst (vestast) í túninu, 110m SV af bæjarhólnum, er smá hóll sem að skagar út frá túninu og brekka til vesturs niður af honum.

Lýsing

Á hólnum sem er algróinn grasi eru 10-20sm djúpar dældir á svæði sem er 7m á kant. Engin veggjalög eru greinileg en þarna virðist hafa verið eithvert mannvirkni. Miðað við lýsingu úr örnefnaskrá hér að ofan er mögulegt að hér séu tóftarbrotin sem nefnd eru Goðatóftir en ekki er hægt að staðhæfa það.



Fjall-14

Sérheiti: Nýjahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur undir túngarðinum, 150m SSA af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er að líkindum þrískipt en erfitt er að greina innra skipulag hennar vegna þess hve veggir eru hrundir, hlaða eða heytóft gæti verið til austurs. Tóftin er 8x10m að utanmáli og einar dyr eru

greinilegar og snúa þær mótt vestri. Til vesturs eru veggir rofnir en gróið hefur yfir þá og eru tóftin að mestu grasi gróin en þó sé í grjót á nokkrum stöðum. Hæð veggja er 20-60sm, lægstir til SA.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Bæjardagsláttu [túninu sunnan við bæinn] heitir Leynir. Hann er í norðausturhorni Nýjahúsdagsláttu, sem heitir svo vegna þess, að þar stóð Nýjahús (fjárhús), en það var byggt seinna en önnur fjárhús á Fjalli.“ (ÖJB, 3).

Fjall-15

Fjall 15


Tegund: Garðlag

Regnarr. I Staðhættir

Austur undir túngarðinum, 150m SSA af bæjarhólnum er tóft og við SV enda hennar matjurtagarður.

Lýsing

Lysing
Garðurinn er 10x13m að utanmáli og eru veggir 20-40sm. Þeir eru grasi grónir en sér í grjót í veggjum til austurs og vesturs. (Sjá teikningu hér að framan).



Fjall-16

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjárhús og rétt

Tegund: Tóft, garðlag

Staðhættir

Í SA horni túnsins, 210m suður af bæjarhólnum er tóft


Lýsing

Lysing
Tóftin samanstendur af rétt til austurs og að líkendum fjárhúsi eða kofa til austurs sem standa hærra í landinu en réttin. Utanmál er 10x18m og er hæð veggja 30-60sm. Tóftin er í túni og

eru veggir grasi grónir og hvergi sér í grjót. Dyr og hlið hafa snúið til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Nýjahús og Torfhildi rann lækur, en fyrir sunnan hann var Húsatún. Þar voru tvö fjárhús, eldri en Nýjahús; annað hét Lambhús og hitt Syðsta- eða Neðstahús.“ (ÖJB, 3).



Fjall-17

Sérheiti: Syðsta-/Neðstahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í Syðst í túni, tæplega 200m suður af bæjarhólnum er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 20x20m að utanmáli, tveir garðar eru í húsunum og 5 krær og á þeim dyr mótt vestri eða norðvestri. Til austurs er hlaða og innangengt a.m.k. úr einni krónni og sunnan hennar er lítið hólf, hugsanlega líttill kofi. Hlaðan og kofinn standa hærra í landinu en fjárhúsin. Hæð veggja er frá 60-80sm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Nýjahús og Torfhildi rann lækur, en fyrir sunnan hann var Húsatún. Þar voru tvö fjárhús, eldri en Nýjahús; annað hét Lambhús og hitt Syðsta- eða Neðstahús.“ (ÖJB, 3).



Fjall-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðvesturhorni túnsins, tæplega 200m SSV af bæjarhólnum og 17m vestan við tóft (sjá fjárhústóft á undan) eru tvennar tóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er tvískipt 7x9m að utanmáli og með dyr á SA horni. Veggjahæð er 10-40sm og er tóftin gróin og gömul að sjá. Þess vegna er erfitt að sjá

hvort að tóftirnar tvær eru aðskildar eða hvort að þær séu ein tóft en eru hér skráðar í sithvoru lagi.

Fjall-19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðvesturhorni túnsins, tæplega 200m SSV af bæjarhólnum og 17m vestan við tóft (sjá fjárhústóft á undan) eru tvennar tóftir.

Lýsing

Syðri tóftin snýr þvert á tóft nr. 18 og er 5x12m að utanmáli. Dyr eru á henni og snúa til norðurs og liggja að dyrum fyrrnefndar tóftar. Hún er einnig gömul að sjá, veggir 10-40sm og algrónir.

Fjall-20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Í suðvesturhorni túnsins, 200m SV af bæjarhólnum er grasi gróin dæld.

Lýsing

Dældin er 2,5x3m að utanmáli og um 10-20sm djúp og sker sig úr umhverfi. Mikið gras var á túninu og engin veggjalög voru greinileg. (Sjá teikningu framar í skýrslu).

Fjall-21

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft


Staðhættir

Um 25m NA af fjárhústóft nr. 17 er lítil tóft á sunnanverðum lækjabakka.

Lýsing

Tóftin er grasi gróin, veggir 20-40sm á hæð og 80-100m breiðir. Mögulegt er að tóftin sé leifar vörðunnar Torfhildar sem skráð er nr. 62 þó að staðarlýsing passi ekki fullkomlega.





Fjall-22

Sérheiti: Syðstahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi gróinni fjallsbrekku, rúmlega 330m SSV af bæjarhólnum og 80m suður af túninu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 16x22m að utanmáli með ferner dyr sem snúa móti vestri. Garðar eru í tveimur nyrstu húsunum og innangengt í hlöður sem eru til austurs. Syðst er ein kró þar sem einnig er innangengt í hlöðu. Grjóthleðslur eru enn vel greinilegar í veggjum og standa yfirleitt vel en eru byrjaðar að falla, hæð er frá 50-170sm og mesta breidd er 2m. Sveinn Sveinsson eigandi Fjalls taldi að hús þessi hefðu verið nefnd Syðstuhús en þau voru fallin þegar hann kom þar fyrst (munnleg heimild 06.01.11).

Fjall-23

Hlutverk: Óþekkt, hlaða?

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í grasi gróinni fjallsbrekku, rúmlega 330m SSV af bæjarhólnum og 80m suður af túninu er fjárhústóft og við SA horn hennar niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er nánast ferhyrndur, 7m á kant og um 1m djúpur. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að þarna hafi verið geymt hey. (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-24

Hlutverk: Óþekkt, hlaða?

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í grasi gróinni fjallsbrekku, rúmlega 330m SSV af bæjarhólnum og 80m suður af túninu er fjárhústóft austan við hana er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er hringlaga, tæplega 3m í þvermál, 1m á dýpt og í botni hennar er grjót. Hlutverk er óvist en hugsanlega hefur þarna verið heyhlaða. (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-25

Sérheiti: Á Skriðu

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í gróinni fjallsbrekku, rúmlega 330m SSV af bæjarhólnum og 80m suður af túninu er fjárhústóft.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var býli þar sem fjárhús nr. 21 voru síðar reist. Var býlið kallað Á Skriðu og mundi Jóhanna eftir því að þar hafi verið búið í að minnsta kosti fjögur ár eftir 1917 (Jóhanna Jónsdóttir, munnleg heimild 06.01.11).



Mynd 33. Horft er í átt að Grásteini til NA.

umhverfis og gróðurtorfa er austanvert á honum.



Mynd 34. Horft er til NV yfir Bæjarvörðu og í baksýn sést í Stekkjartjörn

Fjall-26

Sérheiti: Grásteinn

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Stein

Staðhættir

„Í Nýjatúni er stór steinn, sem hét Grásteinn. Var hann geysi-stór, líklega blágryti, meira en mannhæð á hæð. Þar mun hafa sést manneskja eða vera, sem ekki var búið við, að væri mennsk.“ (ÖJB, 2).

Lýsing

Stór steinn er í NA-hluta túnsins um 170sm há og 2x3m að grunnmáli. Votlent er í kringum steininn og gróid

Fjall-27

Sérheiti: Bæjarvarða

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

„Austur og norður af túninu heitir Leiti, smáhæð, gömul skriða ofan úr fjallinu, en slakki er fyrri ofan og halli frá því að sunnan líka. Þar norðar er Bæjarvarða, smávarða neðan til í fjallinu. Kvíá-ærnar voru reknar þangað yfir Leitið og rétt hjá þessari vörðu.“ (ÖJB, 12). Varðan stendur í gróinni fjallsbrekku 410m NA af bæjarhólnum.

Lýsing

Varðan sem er hrúnin er um 50sm há og um 1x1,5m að grunnmáli, hún er hlaðin ofan á stórt náttúrugrjót.

Fjall-28

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

„Austur og norður af túninu heitir Leiti, smáhæð, gömul skriða ofan úr fjallinu, en slakki er fyrri ofan og halli frá því að sunnan líka. Þar norðar er Bæjarvarða, smávarða neðan til í fjallinu. Kvíærnar voru reknar þangað yfir Leitið og rétt hjá þessari vörðu.“ (ÖJB, 12). Varðan stendur í grasi gróinni fjallsbrekku 410m NA af bæjarhólnum og 10m austan (ofan) hennar er önnur varða.

Lýsing

Varðan er hrunin og er nú hrúga af smáum steinum á stærra grjóti. Hún er 30sm á hæð.



Mynd 35. Horft er til NV yfir vörðu nr. 27.

Fjall-29

Sérheiti: Miðvarða

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir


„Norðaustur af Bæjarvörðu, ofar í fjallinu, er Urðarhóll, uppi í brekkunum. Hann er mjög grýttur, næstum gróðurlaus. Vestur sunnan við hann er Urðarhólsækur, en nokkuð vestur af hólnum heitir Urðarhólsskriða. Þar norðar er Miðvarða, milli Bæjarvörðu og Vatnsendavörðu, en hún er norðaustan við Miðvörðu, beint upp af vesturenda Langavatns.“ (ÖJB, 13). Varða stendur í gróinni skriðu hátt upp í fjallsbrekku tæplega 720m NA af bæjarhólnum á Fjalli.

Lýsing

Varðan sem stendur vel er um 70sm á hæð og 1m á kant að grunnmáli.



Mynd 36. Horft er til suðurs í átt að svonefndri Miðvörðu.



Fjall-30

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Stekkjartóft er í þýfðum móá, austan við Mýrarlæk, 410m NA af bæjarhólnum á Fjalli.


Lýsing

Tóftin er tvískipt 7×11 m að utanmáli og hefur hlið á rétt verið til suðurs en innangengt í kró til NA. Veggir eru algrónir og hvergi sér í grjót í þeim en þeir eru 30-50sm á hæð og mikið hrundir út.

Veggir króar standa betur en í réttinni.

Aðrar upplýsingar

„Norður af Breiðulág [„Norðaustur af Ytri-Dalabrekku er Breiðalág, breið, grasi gróin, flöt í botninn.“ (ÖJB, 8)] heitir Stekkjarholt og norðast á því Stekkur. Hann var notaður fram á Jóns daga; sennilega var hætt að nota hann um 1904-1905. Hann var skammt frá bæ. Kvíar voru ekki þar nálægt.“ (ÖJB, 8-9).



Fjall-31

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Austan við veg þann sem liggur að Langavatni, rúmlega 430m NNV af bæjarstæðinu á Fjalli eru mógrafir. Þær eru 160m NA af stekkjartóft nr. 30.


Lýsing

Mógrafarsvæðið var skráð eftir loftmynd en grafirmar eru vel greinanlegar á myndinni. Þær eru í þrennu lagi og liggja frá


norðri til suðurs en eru skráðar sem heild og ná yfir alls 2000m^2 svæði.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Síðar var tekinn mór nálægt Stekk; Jón [bjó á Fjalli 1902-1910] man eftir því. það var styttra frá bæ, en mórinn var tæplega eins góður.“ (ÖJB, 11).



er 4x6m að utanmáli. Tvennar dyr eru á tóftinni, annars vegar til NV og hinsvegar til SA, innangengt er úr fjárhúsum í heytóft eða hlöðu. Hæð veggja er frá 50-120sm og eru þeir hrundir og sér þar í grjót í undirstöðum á nokkrum stöðum en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa.



Fjall-32

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Beitarhúsatóftir eru á gróinni hæð, í tæplega 20m fjarlægð NNV af bæjarhólnum á Fjalli.

Lýsing

Tóftin er í innan við 10m fjarlægð vestur af akvegi þeim er liggur að Langavatni. Hún er þrískipt, fjárhús og heytóft eru aflöng frá NA til SV, 6x18m að utanmáli en við SV horn þeirra er hólf sem snýr NV/SA og

Fjall-33

Hlutverk: Hey,- mótoft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í þýfðri myri rúmlega 110m austur af Stekkjartjörn, tæpa 50m suður af Moldáslæk sem rennur í tjörnina að NA er hey- eða mótoft (1km norður af bæjarhólnum á Fjalli).

Lýsing

Tóftin er hringlaga er um 10m í þvermál. Veggir, 30-70sm háir, eru grónir grasi og mosa og hvergi sér í grjót.



Mynd 37. Horft er til vesturs (VSV) yfir mógrafírnar og sést Stekkjajörn efst til vinstri.

Fjall-34

Sérheiti: Mólaut

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir


Mógrafir og mótfir eru í svonefntri Mólaut rúman 1km norður af bæjarhólnum á Fjalli. Syðst í Moldás er Mólaut. Hún er vestur af veginum sem liggur að Langavatni.

Lýsing

Mógrafírnar eru dreifðar en það smá skipta þeim í two hluta sem alls eru $1266m^2$. Mesta dýpt er 150sm og sumar grafanna eru fullar af vatni.

Aðrar upplýsingar

Þar var mótak, meðal mótak. Mórinn hefur verið u.p.b. 4-6 stungur. Var hann þurrkaður á mel þar nálægt. (ÖJB, 11).



Fjall-35

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega í Mólaut á milli mógrafarsvæðanna eru þrjár mótóftir.

Lýsing

Nyrsta tóftin sem er fremur illa farin er 4x4,5m að utanmáli og veggjahæð um 40sm en veggir eru hlaupnir í þúfur. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót í veggjum. (Teikningar má sjá af tóftinni á myndinni hér að framan og einnig aftar í skýrslu).

Fjall-36

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega í Mólaut á milli mógrafarsvæðanna eru þrjár mótóftir.

Lýsing

Fyrir miðið er ferhyrnd tóft, 3x4m að utanmáli. Hún er grasi gróin og veggir þýfðir. Þeir eru 10-30sm háir og að hluta hrundir. (Teikningar má sjá af tóftinni á myndinni hér að framan og einnig aftar í skýrslu).



Fjall-37

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega í Mólaut á milli mógrafarsvæðanna eru þrjár móttóftir.

Lýsing

Syðsta tóftin er heillegust tóftanna þriggja, veggir þýfðir en standa sæmilega, 10-30sm háir. Grjót sést í veggjum, sem mögulega eru alfarið hlaðnir úr grjóti, en þeir eru að öðru leyti grónir.



Fjall-38

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Suður og suðvestur af Mólaut er holt og á honum þrjár eða fjórar tóftir (1200m N af bæjarhólnum á Fjalli). Holtið er gróið að hluta og sunnan þess rennur Moldáslækur til vesturs í Stekkjartjörn.

Lýsing

Aflöng tóft, 3x7m að utanmáli og liggur í stefnuna NA/SV. Tóftin virðist vera gömul, hugsanlega tvískipt en veggir eru óverulegir um 10-20sm háir. Tóftin líkist stekkjartóft en hlutverk gæti einnig tengst mótekju af mógrafarsvæði nr. 34 sem er tæpa 50m NA af tóftinni.

skipt en veggir eru óverulegir um 10-20sm háir. Tóftin líkist stekkjartóft en hlutverk gæti einnig tengst mótekju af mógrafarsvæði nr. 34 sem er tæpa 50m NA af tóftinni.

Fjall-39

Hlutverk: Stekkur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Suður og suðvestur af mólaut er holt og á honum þrjár eða fjórar tóftir (1200m N af bæjarhólnum á Fjalli). Holtið er gróið að hluta og sunnan þess rennur Moldáslækur til vesturs í Stekkjartjörn.

Lýsing

Aflöng, tvískipt tóft er 5m SA af tóft nr. 38. Veggir eru óverulegir, 10-30sm á hæð og virðist NA horn tóftar hafa rofnað í burtu. Hlið er á vestur langvegg og líklega hefur verið opíð á milli hólfa (réttar og króar?). Mögulegt er að tóftin hafi verið grjóthlaðin en grjótið verið notað í annað þegar hætt var að nota stekkinn. (Teikningu má sjá hér að framan).

Fjall-40

Hlutverk: Rétt, mótóft?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Suður og suðvestur af Mólaut er holt og á honum þrjár eða fjórar tóftir (1200m N af bæjarhólnum á Fjalli). Holtið er gróið að hluta og sunnan þess rennur Moldáslækur til vesturs í Stekkjartjörn. Teikningu má sjá hér að framan.

Lýsing

Vestust tóftanna þriggja nr. 38-40 er tóft sem snýr N/S, 6x10m að utanmáli og hefur hlið snúið til norðurs. Hæð veggja er um 10sm og eru þeir grónir grasi, mosa og lyngi. Ofan á tóftinni til norðurs eru þúfur sem hugsanlega eru leifar yngri tóftar.

Fjall-41

Hlutverk: Mótóft?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Suður og suðvestur af Mólaut er holt og á honum þrjár eða fjórar tóftir (1200m N af bæjarhólnum á Fjalli). Holtið er gróið að hluta og sunnan þess rennur Moldáslækur til vesturs í Stekkjartjörn.

Lýsing

Nyrst á tóft sem skráð er númer nr. 40 virðist vera önnur tóft, 4x5m að utanmáli. Veggir eru þýfðir og mögulegt er að þarna hafi verið settur saman mór en aðeins 50m eru í næstu mógröf til NA. (Teikningu má sjá hér að framan).



Fjall-42

Hlutverk: Hey-, mótóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í þýfðu mólendi, tæplega 100m austur af mótoftum nr. 35-38 og rúma 10m norður af veginum sem liggur að Langavatni er hey- eða mótoft.

Lýsing

Tóftin er nálega hringlaga og er um 6m að þvermáli. Veggir eru þýfðir, 30-50sm háir, en tóftin samt vel greinanleg í umhverfi sínu.



Fjall-43

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróðursnauðu holti, 160m ANA af móttóftum nr. 35-37 fast (2m) vestan við veginn sem liggur að Langavatni.

Lýsing

Tóftin er 2x3m að utanmáli, veggir eru óverulegir um 10sm á hæð, grónir grasi, mosa og lyngi. Dyr eru á tóftinni og snúa til NA. Hlutverk er óvist en hugsanlega hefur verið þarna smalakofi.



Mynd 38. Moldásvarða.

Djúpidalur, en sunnarlega Moldásvarða, grjótvarða á hávaða.“ (ÖJB, 10).



Mynd 39. Vatnsendavarða.

Fjall-45

Sérheiti: Vatnsendavarða

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir


Á lyngi grónu klettaholti um 300m suðvestur af vesturenda Langavatns er varða. Hún stendur rétt rúma 5m austur af veginum sem liggur að vatninu.

Lýsing

Varðan er ferhyrnd, 2x2m að grunnmáli og frá 10-40sm á hæð. Varðan er stór hrúga af grjóti og er mögulegt að hún hafi áður verið upphlaðin.

Aðrar upplýsingar

„Norðaustur af Bæjarvörðu, ofar í fjallinu, er Urðarhóll, uppi í brekkunum. Hann er mjög gryttur, næstum gróðurlaus. Vestur sunnan við hann er Urðarhólslækur, en nokkuð vestur af hólnum heitir Urðarhólsskriða. Þar norðar er Miðvarða, milli Bæjarvörðu og Vatnsendavörðu, en hún er norðaustan við Miðvörðu, beint upp af vesturenda Langavatns.“ (ÖJB, 13).



Mynd 40. Smalakofi eða skotbyrgi á Pórhildardal, horft er til austurs.

Fjall-46

Hlutverk: Smalakofi, skotbyrgi


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi hlíð norðan við miðju Pórhildardals, vestan Pórhildardalslækjar (120m vestur/upp frá læknum) er skotbyrgi eða smalakofi.

Lýsing

Kofatóftin er tæplega 3x3m á utanmáli og snúa dyr til vesturs. Veggir eru grjóthlaðnir og stendur norðurveggur sæmilega en austur- og suðurveggir eru hrundir. Hæð veggja er minnst um 10sm en mest um 50sm.



Fjall-47

Hlutverk: Óþekkt, Sel

Tegund: Tóft


Staðhættir

Norðan (framan við mynni) Pórhildardals gengur tangi út í Langavatn sem nefnist Stóritangi (ÖJB, 13). Í þurru mólendi framan við miðju tangans er tóft, hugsanlega seltóft.

Lýsing

Tóftin er 7x14m að utanmáli og samanstendur af fjórum hólfum. Tóftin er gamalleg að sjá, hlaupin í þúfur og

lyngi vaxin. Hólfíð sem er lengst til SV er greinilegast og veggir þess stæðilegir en aðrir hlutar tóftar eru verr farnir og veggjalög ógreinilegri. Veggjahæð er frá 20-60sm.



Veggjahæð er frá 10-40sm.

Fjall-48

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mó- og myrlendi, norðan (framan við mynni) Pór-hildardals en sunnan við Stóratanga er tóft á vestanverðum bakka Pórhildardalslækjar.

Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli með dyr mótt vestri. Hún er grjóthlaðin og sér í grjót í veggjum en að öðru leyti lyngi gróin og virðist gömul.



umhverfi sínu og virðist gömul. Hún er þó vel greinileg og er veggjahæð 20-50sm.

Fjall-49

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mó- og myrlendi, norðan (framan við mynni) Pór-hildardals en sunnan við Stóratanga er tóft um 150m NV af tóft nr. 48. Tóftin liggur á vestur bakka uppþornaðs lækjarfarvegar.

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og eru dyr sem snúa mótt NA. Tóftin er algróin mosa og lyngi og fellur vel að



Fjall-50

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í lyngi grónu dragi, tæplega 250m NV af vesturenda Langavatns eru mögulega þrennar tóftir. Stórþýft er í draginu og gæti verið um náttúruleg fyrirbrigði sé að ræða.

Lýsing

Austast er hringlaga tóft eða garðlag sem liggur norður undir dragbrekkunni. Veggir eru hrundir inn á við og er

hæð þeirra frá 20-50sm. Engar dyr eru greinanlegar og hvergi sér í grjót enda tóftin algróin lyngi og veggir þýfðir. Þvermál er um 5,5m.

Fjall-51

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í lyngi grónu dragi, tæplega 250m NV af vesturenda Langavatns eru mögulega þrennar tóftir. Stórbýft er í draginu og gæti verið að um náttúruleg fyrirbrigði sé að ræða.

Lýsing

Um 7m vestur af tóft nr. 50 er önnur tóft, tvískipt, 5x7m að utanmáli. Tvennar dyr virðast vera á henni og snúa mótt NA. Veggir eru þýfðir og algrónir lyngi og falla vel að umhverfi sínu, þeir eru 30-50sm háir. (Sjá teikningu hér að framan).

Fjall-52

Hlutverk: Óbekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í lyngi grónu dragi, tæplega 250m NV af vesturenda Langavatns eru mögulega þrennar tóftir. Stórbýft er í draginu og mögulegt er að um náttúruleg fyrirbrigði sé að ræða.

Lýsing

Suðvestan við tóft nr. 51 virðist vera önnur tóft, minni eða 2,5x3m að utanmáli. Veggir eru hrundir inn, 30-50sm háir og lyngi grónir. Dyr virðast vera til NA í átt að tóft nr. 51. Tóftin er algróin og hvergi sér í griót. (Sjá teikningu hér að framan).



Mynd 41. Horft er til NV.



Mynd 42. Varða á Ásabrúnum, horft er til NA.

Fjall-53

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Um 420m NV af vesturenda Langavatns er varða.

Lýsing

Varðan stendur vel 130sm á hæð og er grunnmál hennar er 1,5x2m.

Fjall-54

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Norðarlega á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast], tæplega 450m norður af norðurenda Stekkjartjarnar er grjóthrúga, að líkindum leifar vörðu

Lýsing

Hrúgan er regluleg að grunnmáli, 4x4m á kant. Hún er 10-40sm á hæð og enginn gróður á henni. Nokkuð stórt grjót er í henni.

Aðrar upplýsingar

Í Landamerkjaskrá Fjalls segir: „Þaðan í miðja Kringlumýri, og vottar þar fyrir gömlu og óljósu garðlagi í útnorður. Þaðan í Miðaftansvörðu á Ásabrún. Frá henni norður í vörðu á Mosásenda nyrðri.“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnnavatnssýslu (1886), skjal nr. 46).



Mynd 43. Horft er til SA.



Mynd 44. Varða á Ásabrúnum, horft til austurs.



Mynd 45. Miðaftansvarða á Ásabrúnum, horft er til austurs.

Fjall-55

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast] um 1300m SV af vörðu nr. 54 er önnur varða, líklega merkjavaraða milli Hvammkots og Fjalls.

Lýsing

Varðan er 60sm á hæð, að hluta hlaðin úr stóru grjóti en að hluta úr minna grjóti. Hún er rúmlega 1x1,5m að grunnmáli.

Fjall-56

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Sunnarlega á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast] er varða.

Lýsing

Hún er 2x2,5m að grunnmáli og um 50sm há, hlaðin að hluta úr fremur stóru grjóti. Annaðhvort hefur hleðsla verið fremur óvönduð eða að hún hefur hrunið.

Fjall-57

Sérheiti: Miðaftansvarða/ Ásabrúna-varða

Hlutverk: Kennimark/Eyktamark

Tegund: Varða

Staðhættir

Syðst á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast] um 1,3km VSV af bæjarstæðinu er varða, landamerki milli Hvammkots og Fjalls.

Lýsing

Varðan er staðileg, 90sm há og 3x3m að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

„Suður og norður meðfram Dal að vestan heita Ásar, en þeir eru gríðarstór svæði mela og hrísmóa, sem náði inn í Hvammkot á há-Ásunum og að sunnan og Örlygsstaði vestast. Austurbrúnir Ása eru kallaðar Ásabrúnir. Syðst á Ásabrúnum er Miðaftansvarða eða

Ásabrúnavarða, eyktarmark frá Fjalli og landamerkjavarða milli Hvammkots of Fjalls.“ (ÖJB, 8). Varðan er í landamerkjaskrá Fjalls frá 1886 nefnd Miðaftansvarða og sögð á Ásbrún (Úr landamerkjabók Austur-Húnnavatnssýslu (1886), skjal nr. 46).



Mynd 46. Steinalögn á Kattarhrygg, horft er til NA.

Fjall-58

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Á lítt grónum mel, svonefndum Kattarhrygg (ÖJB, 8) NA af Kringlumýri þar sem mætast hornmerki jarðanna Hvammkots, Hofs og Fjalls (ÖJB, 8), er steinalögn.

Lýsing

Steinalögnum er tvískipt, til norðurs er hún nálega hringlaga en ferhyrnd til suðurs. Hún er 2,5x4m að utanmáli og snýr í N/S. Hlutverk er óvist en útlit minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa en um slíkt verður ekkert fullyrt nema með frekari rannsókn.

Fjall-59

Sérheiti: Messumelur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Mýralæk [„Mýrarlækur dregur sig saman úr flóunum norðan og vestan við Fjallstún (þeir eru nafnlausir) og rennur nokkurn veginn í suður (síðar í suðvestur).“ (ÖJB, 5)], syðst, er Messumelur. Þegar farið var til Hofskirkju var farið yfir þennan mel. Hann var smágrýttur, og vegurinn þótti góður.“ (ÖJB, 7).

Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingum í örnefnaskrá og samkvæmt lýsingu Jóhönnu Jónasdóttur (munnleg heimild 06.01.11). Vegslóðinn er að líkindum komin undir veg þann sem liggur að Langavatni.

Horfnar og óskráðar minjar

Fjall-60

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Jóhönnu Jónasdóttur var tóft neðan (vestan) við Grástein en ekki vissi hún hvað þar hefði verið en giskaði á að það hefði kannski staðið fjárhús.

Lýsing

Engin tóft fannst á þessum slóðum við skráningu 2010.

Fjall-61

Sérheiti: Hlíðarhús

Hlutverk: Beitarhús?

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Stutt fyrir vestan Vatnsendavörðu eru Hlíðarhús.“ (ÖJB, 4).

Lýsing

Ekki hafði Jóhanna Jónasdóttir heyrt þessa húss getið og engar tóftir fundust á þessum slóðum (Jóhanna Jónsdóttir, munnleg heimild (06.01.11)).

Fjall-62

Sérheiti: Torfhildur

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á Nýjahúsdagsláttu, skammt fyrir vestan Nýjahús, stóð stór og digur varða, sem het Torfhildur.“ (ÖJB, 4).

Lýsing

Varðan fannst ekki við skráningu sumarið 2010 og er hún líklega horfin nema að leifar vörðunnar sé tóft sú sem skráð er nr. 21 framar í skýrslu.

Aðrar upplýsingar

“Hún var laglega hlaðin. Maður að nafni Magnús, sonarsonur Magnúsar bóna, sem bjó á Fjalli í eina tíð, hlóð vörðuna. Hann ólst upp á Fjalli, en fór síðar til Ameríku. Hann var hörkuduglegur. Hann hefur byggt þessa vörðu þarna, til þess að betra væri að komast og rata í húsið. Í vondum veðrum var möguleiki á að hitta á vörðuna (hún var mjög stór), og þaðan var auðratað í húsin. Hún var byggð, ólíkt flestum öðrum veggjum, úr kvíahnaus. Flestir aðrir veggir voru hlaðnir úr klumbruhnausum og strengjum, stundum með grjóti á milli laga. Torfhildur var hlaðin úr kvíahnaus þannig, að torfhnaustarnir voru í flangi, en mjórri í annan endann. Hlaðið var í hring, totan látin snúa inn en hnakkinn út og hola á milli. Í næsta lagi voru torfurnar lagðar ofan á holurnar á milli torfanna í fyrra luginu og aftur hola eða bil á milli þeirra og þannig koll af kolli (sjá meðfylgjandi teikningu). Veggurinn var láttinn hallast inn. Torfhildur var mjög há, töluvert meira en mannhæð.“ (ÖJB, 4).

Fjall-63

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Í Landamerkjaskrá Fjalls segir: „Þaðan í miðja Kringlumýri, og vottar þar fyrir gömlu og óljósu garð lagi í útnorður. Þaðan í Miðaftansvörðu á Ásabrún. Frá henni norður í vörðu á Mosásenda nyrðri.“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 46).

Lýsing

Garðlagið fannst ekki við skráningu 2010.

Fjall-64

Sérheiti: Fjallskeldur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Moldáslæk, austur að fjallsbrekkum og vestur að Stekkjarflóa og Stekkjarholti, heita Breiðar eða Fjallsbreiðar. Þetta voru hallandi flóar, meira og minna blautir. Þeir voru illræmdir, þegar fjölfarin leið lá þarna um hér áður, þegar menn voru að fara til Höfðakaupstaðar. „Hvernig voru „Fjallskeldur“ var spurt, þegar menn höfðu farið þessa leið.“ (ÖJB, 11).

Lýsing

Engar götur fundust við skráningu 2010.

Samantekt

Alls voru skráðar 194 fornleifar á jörðunum fjórum og þar af voru 22 fornleifar horfnar af yfirboði en staðsettar með upplýsingum frá heimildamönnum eða öðrum heimildum s.s. túnakortum. Alls voru 21 fornleif sem fundust ekki á vettvangi eða ekki tókst að staðsetja með viðunandi nákvæmni eða voru ekki skráðar á vettvangi að þessu sinni. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan var heildarhlutfall horfinna og óstaðsettra minja alls 22%. Þrjár jarðanna eru í eyði en nytjaðar að einhverju leyti; Bakki, Álfhóll og Fjall en Skeggjastaðir eru í ábúð. Minjar í túni eru á heildina litið óvenju vel varðveittar sem stafar af því að flestar jarðanna eru í eyði og hafa því orðið fyrir minna raski en jarðir sem enn eru í ábúð.

Flestir minjanna sem skráðar voru eru búsetuminjar frá 19. og 20. öld s.s. úтиhús, stekkir, réttir og mógrafir svo eithvað sé nefnt. Eldri minjar er einnig að finna s.s. mögulegar seltóftir við Langavatn og tóftir á Bakkaseli.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/-óstaðsettra minja
Bakki	49	7	7	29%
Skeggjastaðir	33	8	5	39%
Álfhóll	50	3	4	14%
Fjall	64	4	5	14%
Alls	195	22	21	22%

Minjar á Bakka

Heildarfjöldi minja sem skráðar voru úr heimildum og á vettvangi var alls 49, þar af voru 7 minjar horfnar en hægt að staðsetja með lýsingum heimildamanna og eða annarra heimilda. Sjö minjar fundust ekki og er heildarfjöldi horfinna og óstaðsettra minja 29%.

Töluvert er eftir af minjum í gamla túninu á Bakka. Bæjartóftin (nr. 1) stendur á sjávarbakkanum í norðvestur frá íbúðarhúsinu og við hann var fjós (nr. 41). Vestur af íbúðarhúsinu er fjárhústóft (nr. 4) og leifar matjurtagarðs (nr. 5), sem er að hluta farinn í sjó, og norðan hans er niðurgröftur (nr. 6). Tóft (nr. 2) er talin vera af þvottahúsi og er austan við bæinn en sunnan hennar er þúst (nr. 3). Norðan við bæjarlækinn er garðlag (nr. 8) þar sem var matjurtagarður og vestan hans, nær sjónum, eru veggja- eða garðleifar (nr. 7). Norðar, með sjávarbakkanum er naust (nr. 12) sem nefnt er Sæmundur. Norðaustur af gamla túninu var býlið Bakkagerði en túngarðurinn er enn umhverfis býlið að hluta (nr. 15) og innan þess hesthústóft (nr. 16) og matjurtagarður (nr. 17). Á sjávarbakkanum, norður undir merkjum Skeggjastaða og Bakka er tvískipt tóft (nr. 13) og suðaustur af henni, í túni hóll (nr. 14) þar sem líklegt virðist að hafi verið einhverskonar mannvirki sem að heimildamenn muna þó ekki eftir. Austar er tóft (nr. 31), líklega heystæði og enn austar liggja Hofsgötur (nr. 32) en þær sjást einnig í Skeggjastaðalandi. Austur undir þjóðvegi er varða (nr. 30). Hafa þá verið taldar minjar sem eru norðan við heimreiðina að Bakka. Vestan heimreiðar, austarlega í landi Bakka er matjurtagarður (nr. 29). Á milli Hofsgatna og sjávar eru mógrafir og mótfóftir en nær bænum voru mógrafir sem nú eru komnar undir tún. Mógrafir (nr. 28) og mótfóft (nr. 27) eru um miðja vegu milli þjóðvegar og sjávar en nær bæ eru aðrar mógrafir (nr. 20) og við þær

tvennar mótoftir (nr. 21 og 22). Meðfram sjónum eru þrennar tóftir sem taldar eru heystæði (nr. 23, 24 og 25) og austar, í framræstri myri eða flóa, fjórða tóftin sem einnig er talin heystæði (nr. 26). Eru þá taldar minjar sem sjást á yfirborði í heimalandi Bakka.

Bakkasel er austan við Geldingaskarð en þar er nokkurt land sem tilheyrir Bakka. Á selinu eru sex minjar (nr. 33-38) sem sumar virðast fremur fornar en aðrar yngri og því líklegt að þar hafi verið haft í seli um þó nokkurn tíma.

Nr.	Fvnр.	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
1	12688	Tóft	Híbýli	Mikil hætta	Landbrot
3	12690	Þúst	Óþekkt	Hætta	Landbrot
5	12692	Garðlag	Matjurtagarður	Mikil hætta	Landbrot
6	12693	Niðurgröftur	Óþekkt	Hætta	Landbrot
7	12694	Garðlag	Óþekkt	Mikil hætta	Landbrot
10	12697	Hús	Naust	Mikil hætta	Landbrot
13	12700	Tóft	Óþekkt	Mikil hætta	Landbrot
16	12703	Tóft	Hesthús	Hætta	Rask
17	12704	Garðlag	Matjurtagarður	Hætta	Rask
23	12710	Tóft	Heygarður	Hætta	Landbrot
24	12711	Tóft	Heygarður	Hætta	Landbrot
41	12728	Heimild	Fjós	Mikil hætta	Landbrot

Minjar í hættu

Eins og sést á töflunni hér að framan er töluvert af minjum á Bakka taldar í hættu einkum vegna nálægðar við sjó. Það ber einnig að taka fram að minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt nú að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Minjar á Skeggjastöðum

Heildarfjöldi minja sem skráðar voru úr heimildum og á vettvangi voru alls 33, þar af voru 8 minjar sem voru horfnar en hægt var að staðsetja með lýsingum heimildamanna og eða annarra heimilda. Fimm minjar fundust ekki og er heildarfjöldi horfinna og óstaðsettra minja 39%. Sú prósenta er nokkuð hærri en hjá hinum þremur jörðunum sem skráðar voru en það er ekki óvenjulegt því að Skeggjastaðir er eina jörðin sem enn er í fullri ábúð.

Búið er að rífa gamla bæinn á Skeggjastöðum og sléttu yfir flestar minjar í túni en hesthústóft (nr. 10) er á mörkum tveggja túna vestan við bæinn og túngarður (nr. 10) á kafla austan við túnið. Öskuhóll var vestan við bæinn og er enn að hluta heill en að hluta sundur grafinn. Norðvestan við gamla bæinn er Skegghóll þar sem sagt er að landnámsmaðurinn Skeggi hafi verið grafinn og norður af gamla bæjarstæðinu Konuhóll (nr. 23) en honum fylgir sú sögn að þar hafi kona Skeggja verið heygð.

Í norðvesturhorni Skeggjastaðalands, niður við sjó er tóft (nr. 13), verbúða eða ef til vill mannabústaðar. Syðst í landinu eru mógrafir (nr. 14) og mótoftir (nr. 15 og 16). Í túnjaðri suður af bænum er garðlag (nr. 12). Skeggjastaðastekkur er næplega 700m suður af Skeggjastöðum II og eru þá taldar minjar vestan þjóðvegar. Austan þjóðvegar sjást enn

greinilega hluti af Hofsgötum sem liggja frá norðri til suðurs. Austar eru mógrafir (nr. 18) og austur og upp af þeim hleðsla/varða (nr. 19) og önnur hleðsla (nr. 20) tölувert norðar. Við Steinnýjarstaðaá, sem er merki milli Steinnýjarstaða og Skeggjastaða, í norðausturhorni Skeggjastaðalands eru mógrafir (nr. 24) og mótfir (nr. 25 og 26).

Nr.	Fvnr.	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
8	13089	Hóll	Öskuhaugur	Hætta	Rask
10	13091	Garðlag	Túngarður	Hætta	Rask
13	13094	Tóftir	Híbýli	Hætta	Landbrot
15	13096	Tóft	Mókofi	Hætta	Rof
16	13097	Þúst	Mókofi	Hætta	Rof

Eins og sést á töflunni hér að framan eru nokkrar fornleifar á Skeggjastöðum taldar í hættu, 2 vegna rasks, 2 vegna rofs og 1 vegna landbrots. Það ber einnig að taka fram að minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt nú að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Minjar á Álfholi

Heildarfjöldi minja sem skráðar voru úr heimildum og á vettvangi voru alls 50, þar af voru 3 minjar sem voru horfnar en hægt var að staðsetja með lýsingum heimildamanna og eða annarra heimilda. Fjórar fornleifar fundust ekki og er heildarfjöldi horfinna og óstaðsettra minja 14% sem er undir meðaltali en skýrist líklega einkum af því að jörðin hefur ekki verið í byggð um allnokkurn tíma.

Almennt má segja að minjar séu ágætlega varðveittar á Álfholi enda lítil túnavinnsla farið fram utan við gamla túnið sem hefur verið sléttáð en enn má þó sjá leifar gamla bæjarins (nr. 1), fjóss og skemmu (nr. 1, 2 og 4) sem voru á bæjarhólnum. Vestan við bæjarhólinn er dæld (nr. 6) þar sem líklega hafa staðið mannvirki sem sléttáð hefur verið yfir. Fjárhústóft (nr. 7) er við jaðar túnsins norðaustan gamla bæjarins og leifar fjárhúss (nr. 8) sem búið er að sléttá yfir nyrst í túninu. Túnarður (nr. 9) sést enn á kafla austan túnsins og gamla heimreiðin (nr. 5) er greinileg til suðurs frá bæjarstæðinu.

Í framræstri mýri suðvestur af túninu er garðlag (nr. 10) og milli túns og merkja við Kelduland er steinalögn (nr. 17), smalakofi (nr. 18), mógröf (nr. 19) og skurður (nr. 20), líklega fráveita. Vestan við túnið eru mógrafir (nr. 11) og mótfir (nr. 12, 13, 14 og 15). Milli túnsins og mógrafanna er garðlag (nr. 16). Við Steinnýjarstaðaá sem er merki milli Steinnýjarstaða og Álfhóls nokkuð norðaustur af túninu er Þrívorðumelur og á honum varða. Nyrst í svonefndum Torfdal eru mógrafir (nr. 39) og mótfir (nr. 40, 41 og 42) og á ógrónum melum suðaustur af þeim eru vörður (nr. 43, 45) og steinalögn (nr. 44). Eru þá taldar minjar sem sjást á yfirborði austan við veginn heim að Steinnýjarstöðum.

Vestan vegarins er Álfhóll rúmlega 300x500m langur hóll sem liggur til suðurs frá Steinnýjarstaðaá. Á háhólnum sjálfum eru tvennar vörður (nr. 31 og 47) og norðan hans þrír fráveitugarðar (nr. 32, 33 og 34). Norðan og austan hólsins er flói eða mýri og eru fjölmargar mógrafir (nr. 36) á því svæði skráðar undir einu númeri. Við Steinnýjarstaðaá norðaustur af

Álfholi er þúst (nr. 35), mögulega heystæði. Annað mógrafarsvæði er sunnan undir hólnum (nr. 24) og austan þess þennar mótoftir (nr. 21, 22 og 23). Þar er einnig sagður álagablettur sem ekki mátti slá (nr. 46). Undir suðvesturhorni Álfhóls eru fimm tóftir, þrjár þeirra virðast vera stekkjartóftir (nr. 26, 27 og 30) en hlutverk tveggja þeirra er (nr. 25 og 28) er óþekkt en gætu til að mynda verið mótoftir. Milli vegarins að Steinnýjarstöðum og suðurenda Álfhóls er stekkjartóft (nr. 37).

Minjar í hættu

Engar minjar í landi Álfhóls eru taldar sérstaklega í en hættu minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt nú að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Minjar á Fjalli

Heildarfjöldi fornleifa sem skráðar voru úr heimildum og á vettvangi voru alls 64, þar af voru 4 minjar sem voru horfnar en hægt var að staðsetja með lýsingum heimildamanna og eða annarra heimilda. Fimm fornleifar fundust ekki og er heildarfjöldi horfinna og óstaðsettra fornleifa 14% sem er undir meðaltali og skyrist einkum að því að jörðin hefur verið í eyði um nokkuð langan tíma.

Minjar innan túns á Fjalli eru nokkuð vel varðveittar og þó búið sé að rífa bæinn er bæjarhóllinn (nr. 1) vel greinilegur og á honum tóft, veggjabrot og dældir (nr. 2). Fjóstóftin er glögg norðan bæjarlækjar (nr. 3) og enn sést grjót úr brunnhúsi (nr. 4) sem var við bæjarlækinn. Til norðausturs frá bæjarhólnum liggur gamla heimreiðin (nr. 8) og nyrst í túninu er Grásteinn (nr. 26), sem talinn er huldufólksbústaður. Túngarður (nr. 7) umlykur túnið að norðan austan og að hluta að sunnan, sæmilega stæðilegur á köflum en rofnar á nokkrum stöðum. Utan við túngarðinn að austan er kvíatóft (nr. 10) og grjóthlaðin rétt (nr. 11) byggð upp við garðinn nokkru sunnar. Sunnan við bæjarhóllinn er tóft (nr. 12) og vestan hennar er reiðgata (nr. 9) sem liggur frá bæjarhólnum suður túnið og langleiðina suður að merkjum við Steinnýjarstaði. Í túnjaðrinum að vestan eru ógreinilegar leifar mannvirkis (nr. 13) mögulega það sem kallaðar eru Goðatóftir í örnefnaskrá. Syðst og austast í túninu, vestan túngarðsins, er fjárhústóft (nr. 14) og við hana matjurtagarður (nr. 15). Suðvestar er lítil tóft (nr. 21) og sunnar er fjárhústóft (nr. 16) með áfastri rétt. Vestan við hana er stór fjárhústóft (nr. 17) og eldri tóftir vestan hennar (nr. 18 og 19). Norðvestur af síðastnefndum tóftum er smá dæld (nr. 21) í túnið þar sem eitthvert mannvirki virðist hafa verið. Sunnan við túnið þar sem kallað er á Skriðu er fjárhústóft (nr. 22) og við hana tveir niðurgreftrir (nr. 23 og 24). Eru þá upptaldar minjar í og við túnið.

Í fjallinu norðaustur af bænum eru þrjár vörður (nr. 27, 28 og 29). Norðan túnsins austan við veginn að Langavatni eru mógrafir (nr. 31), og stekkjartóft (nr. 3.). Vestan vegar, norður af mógröfunum, er beitarhúsatóft (nr. 32). Austur af Stekkjartjörn er tóft, hey- eða mótoft (nr. 33) og nokkuð austar er Mólaut og í henni mógrafir (nr. 34) og mótoftir (nr. 35, 36 og 37). Austur af mólautinni eru fernar tóftir, tvær þeirra virðast mögulega stekkjartóftir (nr. 38 og 39), rétt (nr. 40) og hugsanlega mótoft (nr. 41). Norðaustur af mólaut, vestan við veginn að Langavatni er hey- eða mótoft (nr. 42) og önnur tóft (nr. 43) alveg við veginn. Þar norðar er varða (nr. 44) á svonefndum Moldási og austan við veginn að Langavatni er Vatnsendavarða

(nr. 45). Fyrir miðjum Þórhildardal er grjóthlaðið byrgi (nr. 46) og norðan við mynni dalsins eru tvennar tóftir (nr. 48 og 49). Norðan við Þórhildardal skagar Stóritangi út í Langavatn og fremst á honum eru tóftir, mögulega sel, (nr. 47). Í grónu dragi vestur af vestari Langavatnsenda eru þrjár tóftir (nr. 50, 51 og 52) sem virðast gamlar. Norður af þeim á merkjum Fjalls og Örlygsstaða (þ.e. sameiginlegs lands Örlygsstaða I, II og Hlíðar) er merkjavarða (nr. 53), önnur (nr. 54) á hornmerkjum fyrrnefndra jarða og Hvammkots og þaðan liggja merkin til suðvesturs og eru á þeim þrjár vörður (nr. 55, 56 og 57). Í suðausturhorni jarðarinnar er grjóthleðsla (nr. 58) sem minnir í útliti á heiðna gröf en um hlutverk er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn.

Minjar í hættu

Minjar á Fjalli eru almennt ekki taldar í hættu en jörðin er í eyði.

Áhugaverðar minjar til rannsókna

Tölувvert er af vel varðveittum fornleifum í landi ofanskráða jarða sem væru áhugavert rannsóknarefni ekki síst í byggðasögulegu samhengi. Hér verður lögð áhersla á minjar sem ekki eru til heimildir um og mætti aldursgreina og jafnvel ákvarða hlutverk með kjarnabor eða könnunarskurðum og fá þannig fyllri mynd af byggðasögu jarðarinnar.

- Fornar seltóftir eru í landi Bakka (nr. 33-38) sem áhugavert væri að aldursgreina. Umfangsmikill seljabúskapur hefur verið á þessu svæði en skammt norðar eru fjölmargar tóftir Hofssels þar sem býli var um tíma. Miðað við umfang minjanna virðist hafa verið stundaður seljabúskapur þar nokkuð lengi. Seljabúskapur á Skaga og Skagaheiði væri verðugt rannsóknarefni en fornleifaskráning á síðustu árum hafa sýnt að víða eru umfangsmiklar seljatóftir á þessu svæði.
- Jörðin Fjall er áhugaverð minjaheild vegna þess hversu vel varðveittar minjar eru innan og utan túns.
 - Mannvistarleifar nr. 13 og tóftir nr. 12, 18 og 19 sem allar eru í túni á Fjalli. Mannvistarleifar sem skráðar eru nr. 13 (Goðatóftir?) eru mögulega þær sem nefndar eru
 - Tóftir á Stóratanga nr. 47 sem taldar eru geta verið af seli og tvennar tóftir nr. 48 og nr. 49 en allar virðast tóftirnar nokkuð fornar.
 - Meintar fornar minjar vestur af vesturenda Langavatns, nr. 50-52.
 - Áhugavert væri að staðfesta hvort meint kuml nr. 58 sé í raun heiðin gröf en tölувvert hefur fundist af slíkum steinlögnum á undanförnum árum sem talin eru geta verið grafir en engar rannsóknir hafa verið gerðar á raunverulegu hlutverki þeirra.
- Aldursgreining á býli/búðatóftum sem nefndar eru Helgrind eða Helgrund (nr. 13) í landi Skeggjastaða. Munnleg heimild er um heilsársbúsetu en óvist hversu gamlar minjarnar eru.
- Aldursgreining á garðlagi nr. 16 í Álfhólslandi en óvist er hversu gamalt það er og hvaða hlutverki það gegndi.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhværra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Skráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvaent í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

Húnaþing II (1978). Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur- Húnvetninga o.fl.: Akureyri.

Íslenzkt Fornbréfasafn III 1269-1415. Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn V 1330-1476. Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII.. Hið íslenzka fræðafjélag: Kaupmannahöfn, 1926.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstolu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn, 1861.

Ólafur Olavius. Ferðabók, I. bindi. Landshagir í norðvestur- norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Heckels um brennistein og brennisteinsnám og *Christian Zieners um surtarbrand*. Reykjavík, Bókfellsútgáfan 1964.

Páll Kolka (1950). *Föðurtún*. Útgefandi: P. V. G. Kolka: Reykjavík.

Sveinn Sveinsson (2004). *Akstursleiðir hestasleða eftir Skaga*. Í Húnavöku, bls. 92-93. Ungmennasamand Austur Húnvetninga: Akureyri.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnvatnssýsla. Hið íslenzka bókmenntafélag: Akureyri 1950.

Óprentaðar heimildir

(ÖB) *Bakki á Skagaströnd*. Höf. og ártal óþekkt. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖJB) *Álfhóll*. Jón Ól. Benónýsson gerir athugasemdir við örnefnaskrá (1981). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖJB) *Fjall*. Athugasemdir og viðbætur eftir Jón Ól. Benónýsson (1981). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖÓP) *Álfhóll*. Guðmundur Jósafatsson skráði eftir Hjalta Árnasyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖÓP) *Álfhóll*. Jón Ól. Benónýsson (e. 1960). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖS1) *Skeggjastaðir.* Heimildamenn Ingunn Þorvaldsdóttir og Hallgrímur sonur hennar. (Ártal óþekkt). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖS2) *Skeggjastaðir.* Guðmundur Jósafatsson skráði eftir Hjalta Árnasyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Landamerkjabók Austur-Húnnavatnssýslu (1886). Fjall á Skagaströnd, skjal nr. 46. Handrit á Héraðsskjolasafni Austur-Húnnavatnssýslu.

Landamerkjabók Austur-Húnnavatnssýslu (1890). Bakki í Vindhælishreppi, skjal nr. 156. Handrit á Héraðsskjolasafni Austur-Húnnavatnssýslu.

Túnakort Álfhóls. Águst B. Jónsson (1920). Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Túnakort Bakka. Águst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Túnakort Fjalls. Águst B. Jónsson (1920). Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Túnakort Skeggjastaða. Höf óþekktur. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1867), Skeggjastaðir. Handrit á Héraðsskjolasafni Austur-Húnnavatnssýslu.

Úttektarbók Vindhælishrepps (ártal óþekkt), Álfhóll. Handrit á Héraðsskjolasafni Austur-Húnnavatnssýslu.

Heimasíður

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðað þann 20.11.2010-20.12.2010.

Heimasíða Þjóðskrár:

<http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055173&landnr=145839&streetname=-Bakki+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>). Skoðuð þann 30. mars 2011.

<http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055203&landnr=145871&streetname=-Skeggjasta%C3%B0ir+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>). Skoðuð þann 30. mars 2011.

<http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055171&landnr=145837&streetname=%C3%81lh%C3%B3ll+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>). Skoðuð þann 30. mars 2011.

<http://www.skra.is/Pages/1000?heitinr=1055179&landnr=145844&streetname=Fjall+&sveitarfelag=Skagabygg%C3%B0>). Skoðuð þann 30. mars 2011.

Heimildamenn

Hallgrímur K. Hjaltason (f. 1953) bóndi á Skeggjastöðum.

Jóhanna Jónasdóttir (f. 1917), fædd og uppalin á Fjalli.

Jónatan Hjaltason (f. 1956) uppalinn á Skeggjastöðum.

Sveinn G. Sveinsson (f. 1932) Tjörn.

Fylgiskjöl


Bakki hnitaskrá

Nr	Fvrnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hætumat	Orsök	Veggħ frá	Veggħ til	Austun	Norðun
1	12688		Tóft		Hibýli		1800	1900	Greinanleg		Mikil hætta	Landbrots	0,0	1,6	438885,05	599803,43
2	12689		Tóft		Þvottahús?		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,0	1,2	438909,94	599804,57
3	12690		þúst		Óþekkt	Brunnur?	1800	1900	Illgreinanleg		Hætta	Landbrots	0,0	0,2	438904,82	599788,15
4	12691		Tóft		Fjárhús		1900	1950	Greinanleg		Engin hætta		0,0	0,4	438943,89	599746,93
5	12692		Garðlag		Matjurtagarður		1900	1950	Greinanleg		Mikil hætta	Landbrots	0,2	0,5	438918,31	599748,97
6	12693		Niðurgröftur		Óþekkt		1800	1950	Greinanleg		Hætta	Landbrots	0,0	0,3	438922,24	599758,82
7	12694		Garðlag		Óþekkt		1800	1950	Greinanleg		Mikil hætta	Landbrots	0,0	0,6	438867,97	599837,29
8	12695		Garðlag		Matjurtagarður		1800	1950	Greinanleg		Engin hætta		0,0	0,5	438898,63	599854,86
9	12696		Hóll		Fjárhús		1800	1900	Sést ekki	Sléttunar			0,0	0,0	438913,10	599888,13
10	12697	Sæmundur	Hús	Tóft	Naust		1800	1950	Heillegt		Mikil hætta	Landbrots	0,0	1,7	438837,33	599936,82
11	12698	Bakkalending	Heimild		Uppsátur		800	1900	Sést ekki	Landbrot			0,0	0,0	438828,13	599944,80
12	12699		Óþekkt	Hjallur?	Heimild		0	0	Sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	438810,53	599978,18
13	12700		Tóft		Óþekkt		1500	1900	Greinanleg		Mikil hætta	Landbrots	0,1	0,4	438650,79	600415,53
14	12701		Hóll		Óþekkt		800	1900	Sést ekki	Sléttunar			0,0	0,4	438850,77	600292,64
15	12702	Bakkagerði	Garðlag		Túnagarður		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,4	0,7	439095,68	600083,36
16	12703	Bakkagerði	Tóft		Hesthús		1800	1900	Greinanleg		Hætta	Raks	0,0	0,5	439074,15	600084,04
17	12704		Garðlag		Matjurtagarður		1800	1900	Vel greinanleg		Hætta	Rasks	0,2	0,7	439062,08	600047,90
18	12705	Grafarstykki	Heimild		Mógröf		900	1900	Sést ekki	Sléttunar			0,0	0,0	439012,05	599715,91
19	12706		Heimild		Mógröf		800	1900	Sést ekki	Sléttunar			0,0	0,0	439127,68	599945,11
20	12707		Niðurgröftur		Mógröf		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	1,4	439086,69	599558,71
21	12708		Tóft		Mótóft		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,0	0,3	439065,83	599538,06
22	12709		þúst		Mótóft		1800	1900	Illgreinanleg		Engin hætta		0,0	0,4	439041,47	599554,99
23	12710		Tóft		Heytóft		1800	1900	Illgreinanleg		Hætta	Landbrots	0,0	0,2	439020,92	599468,40
24	12711		Tóft		Heytóft		1800	1900	Greinanleg		Hætta	Landbrots	0,0	0,3	439053,23	599427,49
25	12712		Tóft		Heytóft		1700	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,3	0,6	439170,69	599215,46
26	12713		Tóft		Heytóft		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,5	439330,77	599352,71
27	12714		þúst		Mótóft		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,2	0,5	439650,12	599421,28
28	12715		Niðurgröftur		Mógröf		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,0	439823,15	599427,03
29	12716		Garðlag		Matjurtagarður		1900	2000	Vel greinanleg		Engin hætta		0,1	0,3	440070,47	599607,19
30	12717		Hleðsla		Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,0	0,1	440151,56	600046,88
31	12718		Tóft		Heystæði		1800	1900	Illgreinanleg		Engin hætta		0,0	0,2	439361,91	600116,50

Bakki hnitaskrá

Nr.	Frnvr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hætumat	Vegna	Veggfrá	Veggtil	Austun	Norðun
32	12719	Hofsgötur	Gata		Leið		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,0	439982,60	600120,12
33	12720	Bakkasel	Tóft		Óþekkt		800	1600	Greinanleg		Engin hætta		0,6	0,7	446591,83	601066,37
34	12721	Bakkasel	Garðlag		Óþekkt	Heystæði mótoft	1700	1800	Illgreinanleg		Engin hætta		0,2	0,3	446621,22	601087,31
35	12722	Bakkasel	Tóft		Sel		1700	1800	Greinanleg		Engin hætta		0,4	1,1	446632,00	601084,66
36	12723	Bakkasel	Tóft		Óþekkt		1700	1800	Illgreinanleg		Engin hætta		0,5	0,7	446633,25	601095,75
37	12724	Bakkasel	þúst		Óþekkt		1400	1800	Illgreinanleg		Engin hætta		0,5	0,7	446624,50	601099,19
38	12725	Bakkasel	Tóft		Óþekkt		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,3	0,4	446668,45	601055,51
39	12726		Heimild		Vatnsból		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	438914,58	599816,62
40	12727		Heimild		Hesthús		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	439613,71	599779,51
41	12728		Tóft		Fjós		1800	1900	Greinanleg		Mikil hætta	Landbrots	0,0	1,6	438889,67	599808,08


Bakki yfirlitsmynd



Skeggjastaðir hnitaskrá

Nr	Fvrnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13082		Heimild	Híbýli		900	1900	Sést ekki	Bygginga-framkvæmda			0,0	0,0	439134,82	601548,02
2	13083		Heimild	Fjós		900	1900	Sést ekki	Bygginga-framkvæmda			0,0	0,0	439135,13	601551,71
3	13084		Heimild	Geymsla		900	1900	Sést ekki	Rasks			0,0	0,0	439122,34	601561,20
4	13085		Niðurgröftur	Matjurtagarður		900	1900	Sést ekki	Rasks			0,0	0,0	439119,58	601561,51
5	13086		Heimild	Tröð		900	1900	Sést ekki	Rasks			0,0	0,0	439146,50	601529,23
6	13087		Heimild	Fjárhús		1800	1900	Sést ekki	Bygginga-framkvæmda			0,0	0,0	439138,81	601437,49
7	13088		Heimild	Matjurtagarður		1800	1900	Sést ekki	Sléttunar			0,0	0,0	439225,68	601494,35
8	13089		Hóll	Öskuhaugur		900	0	Illgreinanleg		Hætta	Rasks	0,0	2,0	439120,92	601545,76
9	13090		Dæld	Hesthús		1800	1900	Nánast horfin	Sléttunar	Engin hætta		0,0	0,2	439238,68	601603,63
10	13091		Garðlag	Túngarður		1800	1900	Illgreinanleg		Hætta	Rasks	0,4	0,6	439259,73	601475,40
11	13092		Tóft	Hesthús	Reykkofi	1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,3	0,5	439028,84	601546,50
12	13093		Garðlag	Matjurtagarður		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,5	0,6	439048,75	601199,42
13	13094	Helgrind/ Helgrund	Tóft	Híbýli	Verbúð	1700	1900	Greinanleg		Hætta	Landbrots	0,2	0,5	438515,51	601408,40
14	13095		Niðurgröftur	Mógrafir		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,0	438740,00	600654,65
15	13096		Tóft	Mótóft		1700	1900	Greinanleg		Hætta	Rofs	0,1	0,2	438728,95	600613,86
16	13097		Þúst	Mótóft	Þurrkstaður	1700	1900	Greinanleg		Hætta	Rofs	0,1	0,1	438714,85	600613,06
17	13098	Skeggjastaða- stekkur	Tóft	Stekkur		1700	1900	Illgreinanleg		Engin hætta		0,2	0,7	439401,33	600763,07
18	13099		Niðurgröftur	Mógröf		900	0	Greinanleg		Engin hætta		0,0	0,3	440066,13	601420,43
19	13100		Hleðsla	Kennimark	Varða	900	0	Illgreinanleg		Engin hætta		0,0	0,3	440109,12	601437,48
20	13101		Varða	Kennimark		900	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,4	440087,02	601639,29
21	13102	Hofsgötur	Gata	Leið		900	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,3	439804,70	601591,42
22	13103	Skegghóll	Hóll	Haugur	Þjóðsögu- staður	900	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	1,7	439060,32	601632,36
23	13104	Konuhóll	Hóll	Óþekkt	Þjóðsögu- staður	900	1900	Sést ekki		Engin hætta		0,0	1,4	439131,92	601610,28
24	13105		Niðurgröftur	Mógrafir		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,3	1,5	440509,48	601852,58
25	13106		Tóft	Mókofi		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,0	0,2	440501,29	601862,29
26	13107		Þúst	Mókofi		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,0	0,2	440519,38	601838,48
27	13108		Heimild	Uppsátur		900	1900	Sést ekki	Niðurrifs			0,0	0,0	438498,30	601417,67

Skeggjastaðir-yfirlitsmynd



Álfhóll hnitaskrá


Nr	Fvrnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Veggfrá	Veggtil	Austun	Norðun
1	12736		Bæjarhóll		Hibýli		1800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,2	441669,05	600995,14
2	12737		Dæld		Fjós		0	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,0	441686,00	600996,57
3	12738		Heimild		Hesthús		0	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	441710,99	601104,65
4	12739		Dæld		Skemma		0	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,0	441673,90	600979,58
5	12740		Gata		Heimreið		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,8	0,0	441697,65	600913,14
6	12741		Dæld		Óþekkt		1800	1950	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,2	441642,59	600991,31
7	12742		Tóft		Fjárhús		1900	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,3	1,3	441729,15	601027,62
8	12743		Dæld		Fjárhús		1800	1900	Illgreinanleg	Sléttunar	Engin hætta	0,0	0,3	441654,54	601117,74
9	12744		Garðlag		Túngarður		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,6	441745,45	601121,45
10	12745		Garðlag	Þúst	Óþekkt	Nátthagi?	1800	1950	Illgreinanleg		Engin hætta	0,3	0,4	441513,18	600938,25
11	12746		Niðurgröftur		Mógröf		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,9	441372,43	601024,16
12	12747		Tóft		Mótóft		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,4	441393,29	601039,36
13	12748		Tóft		Mótóft		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,4	441399,63	601020,91
14	12749		Tóft		Mótóft		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,4	441312,45	601087,22
15	12750		Tóft		Mótóft		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,3	441306,11	601073,35
16	12751		Garðlag		Óþekkt		800	1800	Greinanleg		Engin hætta	0,4	0,7	441428,72	601020,77
17	12752		Steinalögð	Varða	Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	441621,54	600687,15
18	12753		Tóft		Smalakofi		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,1	441358,99	600500,12
19	12754		Niðurgröftur		Mógröf		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	441373,43	600827,62
20	12755		Niðurgröftur		Fráveita		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	441225,78	600806,84
21	12756		Tóft		Mótóft		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	441171,83	601020,13
22	12757		Tóft		Mótóft		1800	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,0	0,4	441178,91	601055,92
23	12758		Þúst		Mótóft		1800	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,0	0,4	441150,34	601073,97
24	12759		Niðurgröftur		Mógröf		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	441042,97	601124,49
25	12760		Tóft		Óþekkt		1200	1800	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	440985,17	601184,20
26	12761		Tóft		Stekkur		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	440989,84	601191,12
27	12762		Tóft		Stekkur		1500	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,3	440976,77	601190,64
28	12763		Tóft		Stekkur		1200	1800	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,4	440975,58	601204,99
29	12764		Tóft		Óþekkt		1200	1800	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,4	440978,04	601233,47
30	12765		Tóft		Stekkur		1200	1800	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	440982,24	601216,66
31	12766		Varða		Kennimark		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	1,5	0,0	441061,34	601328,20

Álfhóll hnitaskrá

Nr	Fvnrv	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Veggfrá	Veggtil	Austun	Norðun
32	12767		Garðlag		Fráveita		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,2	441097,94	601761,05
33	12768		Garðlag		Fráveita		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,2	441058,49	601744,47
34	12769		Garðlag		Fráveita		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,2	441011,17	601759,20
35	12770	Þúst		Heytóft	Mótóft	1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	441348,64	601730,03	
36	12771		Niðurgröftur		Mógröf		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	441237,76	601651,58
37	12772		Tóft		Stekkur		1600	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,6	441371,26	601271,30
38	12773	Þívrðumelur	Varða		Kennimark		1500	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	0,0	441991,33	601376,34
39	12774		Niðurgröftur		Mógröf		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,7	442521,85	600801,96
40	12775		Tóft		Mótóft		1700	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,1	442524,58	600821,76
41	12776		Hóll		Mótoft?		1700	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	1,0	442521,71	600854,28
42	12777		Hóll		Mótoft?		1700	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	1,0	442513,15	600850,23
43	12778		Varða?		Kennimark?		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,2	442617,88	600501,42
44	12779		Steinalög		Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,1	442632,59	600508,99
45	12780		Varða		Kennimark		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,3	442853,04	600481,36
46	12781	Álfhóll	Heimild		Álagablettur		800	1900	Ómetið			0,0	0,0	441090,70	601117,15
47	12782		Varða		Kennimark		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,7	0,0	441017,24	601476,46

Álfhóll-yfirlitsmynd

N



Fjall hnitaskrá


Nr	Fvrnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Vegg Frá	Vegg Til	Austun	Norðun
1	12784		Hóll		Bæjarhóll		900	1980	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	442972,39	603807,50
2	12785		Tóftir		Híbýli		1800	1900	Greinanleg	Niðurrips	Engin hætta	0,0	0,4	442982,67	603806,59
3	12786		Tóft		Fjós		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,3	1,4	442983,27	603821,55
4	12787	Brunnhús	Hleðsla		Vatnsból		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,3	442982,37	603816,49
5	12788		Heimild		Skemma		1800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	442969,51	603816,04
6	12789		Heimild		Hesthús		1800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	442958,18	603823,22
7	12790		Garðlag		Túngarður		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	1,2	443012,26	603816,05
8	12791		Gata		Heimreið		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	443000,47	603818,90
9	12792		Gata		Leið		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	442944,75	603741,34
10	12793	Kvíahóll?	Tóft		Kvíar		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	0,8	443030,90	603814,35
11	12794		Garðlag		Rétt		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	1,1	443019,18	603764,69
12	12795		Tóft		Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,3	442970,18	603750,39
13	12796	Goðatóftir	Dæld		Óþekkt		800	1900	Illgreinanleg	Ekki vitað		0,1	0,2	442883,36	603712,87
14	12797	Nýjahús	Tóft		Fjárhús		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,2	0,6	443009,69	603645,76
15	12798		Garðlag		Matjurtagarður		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,2	0,4	443005,16	603645,76
16	12799	Lambhús	Tóft	Garðlag	Rétt	Fjárhús	1800	1920	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,6	442984,79	603583,37
17	12800	Syðsta/-Neðstahús	Tóft		Fjárhús		1850	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,6	1,8	442947,96	603596,58
18	12801		Tóft		Óþekkt		800	1600	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,4	442910,37	603592,19
19	12802		Tóft		Óþekkt		800	1600	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,4	442912,99	603589,43
20	12803		Dæld		Óþekkt		800	1900	Illgreinanleg	Ekki vitað	Engin hætta	0,0	0,2	442873,95	603618,15
21	12804		Tóft		Óþekkt		1800	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,4	442972,54	603619,85
22	12805	Syðstahús	Tóft		Fjárhús		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	1,7	442910,38	603452,12
23	12806		Niðurgröftur		Óþekkt	Hlaða	1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	1,0	0,0	442925,32	603444,58
24	12807		Niðurgröftur		Óþekkt	Hlaða	1800	1950	Greinanleg		Engin hætta	1,0	0,0	442928,23	603457,53
25	12808	Á Skriðu	Heimild		Híbýli		1800	1950	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	442910,38	603452,12
26	12809	Grásteinn	Steinn		Huldufólks-bústaður		800	1900	Heillegar		Engin hætta	0,0	1,7	442974,42	603904,87
27	12810	Bæjarvarða	Varða		Kennimark		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	0,0	443192,80	604173,22
28	12811		Varða		Kennimark		1800	1900			Engin hætta	0,3	0,0	443204,20	604175,99
29	12812	Miðvarða	Varða		Kennimark		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,7	0,0	443451,40	604364,22
30	12813	Stekkur	Tóft		Stekkur		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	442708,67	604146,86

Fjall hnitaskrá

Nr.	Fnvr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Vegg Frá	Vegg Til	Austun	Norðun
31	12814		Niðurgröftur		Mógröf		1900		Vel greinanleg		Engin hætta			442862,98	604311,99
32	12815		Tóft		Beitarhús		1800	1920	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	1,2	442852,83	604434,73
33	12816		Tóft		Hey,- mótoft		1800	1920	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,7	442897,41	604865,96
34	12817	Mólaut	Niðurgröftur		Mógröf		1900	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	1,5	443196,22	604981,10
35	12818		Tóft		Mótóft		1900	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,4	443226,35	605033,20
36	12819		Tóft		Mótóft		1900	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,3	443220,07	605023,00
37	12820		Tóft		Mótóft		1900	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,3	443224,68	605019,11
38	12821		Tóft		Stekkur		1500	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	443153,78	604943,95
39	12822		Tóft		Stekkur?	Mótóft	1500	1800	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,3	443159,30	604936,61
40	12823		Tóft		Rétt	Mótóft?	1500	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,0	443136,97	604938,31
41	12824		Tóft		Mótóft		1500	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,0	443141,68	604943,25
42	12825		Tóft		Hey,- mótoft		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	443326,66	605031,27
43	12826		Tóft		Óþekkt		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,1	443389,16	605051,16
44	12827	Moldásvarða	Varða		Kennimark		1500	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	443445,25	605219,38
45	12828	Vatnsenda-varða	Varða		Óþekkt		1500	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,4	443747,15	605518,02
46	12829		Tóft		Smalakofi	Skotbyrgi	1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,5	444910,00	604718,42
47	12830		Tóft		Óþekkt	Sel	800	1800	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,6	444883,72	605855,72
48	12831		Tóft		Óþekkt		1600	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,4	444957,18	605392,67
49	12832		Tóft		Óþekkt		1600	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,2	0,5	444860,18	605514,92
50	12833		Garðlag	Tóft	Óþekkt		800	1700	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,5	443803,62	606026,50
51	12834		Tóft		Óþekkt		800	1700	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	443790,63	606025,50
52	12835		Tóft		Óþekkt		800	1700	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	443789,24	606020,20
53	12836		Varða		Kennimark		800	1900	Heillegar		Engin hætta	0,0	1,3	443737,10	606190,30
54	12837		Varða		Kennimark		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,4	442724,13	605524,62
55	12838		Varða		Kennimark		800	1900	Heillegar		Engin hætta	0,0	0,6	442125,16	604343,84
56	12839		Varða		Kennimark		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,5	441741,19	603774,61
		Miðaftansvarða/ Ásabréðavarða	Varða		Kennimark		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,9	441668,30	603658,47
58	12841		Steinalög		Óþekkt	Kuml	800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,1	441904,27	603110,04
59	12842	Messumelur	Heimild		Leið		800	1900	Sést ekki	Vegagerð		0,0	0,0	442028,51	603188,15

Fjall-yfirlitsmynd

N



N



Fjall/Langavatn-yfirlitsmynd

53

51 50

52

47

Langavatn

Stóritangi

45

49

48

0

250

500

750

1.000

m

